FRÉTTABLAÐIÐ

103. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 6. MAÍ 2019

Besti tíminn til að klífa jökla er að vori. Nokkrir hópar lögðu á Hvannadalshnjúk á laugardag, ýmist gangandi eða á fjallaskíðum. Aðstæður til þess að fara upp á Öræfajökul og áfram á hæsta tind landsins voru með besta móti, nýlegur snjór í neðri brekkum en ofar harður og tryggur snjór. Á Hvannadalshnjúk mátti sjá mikilfenglega ísskúlptúra sem náttúran skapar með vatni og vindum í illviðrum vetrar. Verðlaunin fyrir erfiðið voru að skíða niður langar brekkur í kvöldsólinni með útsýni yfir Suðursveit og Skaftafellssýslur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Röntgenlæknar fluttir inn frá Svíþjóð

Biðlistar eftir greiningu röntgenlækna á brjóstakrabbameini lengdust mikið eftir að verkefnið var flutt frá Krabbameinsfélagi Íslands.

HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn hefur gripið til þess ráðs að flytja inn til landsins sænska röntgenlækna til að greina myndir úr skimunum eftir brjóstakrabbameini.

Biðlisti eftir greiningu um brjóstakrabbamein hafði lengst úr hófi vegna þess hversu erfitt er að manna stöður röntgenlækna. Einnig munu röntgenlæknar frá Akureyri hafi verið sendir suður.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði á tímabili verið eitthvað á milli þriggja og fjögurra mánaða bið eftir því að fá úr því skorið hvort um brjóstakrabbamein væri að ræða hjá konum sem verður að teljast nokkuð langur tími.

„Það er rétt að eftir að þessi hluti starfsins fluttist frá okkur til Landspítala þá lengdist biðlisti eftir greiningu nokkuð," segir Halla Þorvaldsdóttir, formaður Krabbameinsfélags íslands. „Landspítali hefur því gripið til þess ráðs að fá erlenda lækna til að koma hingað og vinna um helgar."

Halla segir að staðan sé nú mun betri eftir að Landspítalinn greip til ráðstafana. Árið 2017 fluttist þessi hluti greiningar brjóstakrabbameina frá Krabbameinsfélagi Íslands til Landspítala. Áður höfðu röntgenlæknar á Domus Medica unnið að þessari myndgreiningu.

– sa / sjá síðu 4

Mannfall í átökum í Ísrael

ÍSRAEL Á sama tíma og sjónvarpsáhorfendur í Evrópu búa sig undir að fylgjast með Eurovision-söngvakeppninni sem fram fer í Tel Aviv hafa brotist út hörð átök á Gazaströndinni í um 70 kílómetra fjarlægð.

Að minnsta kosti þrír ísraelskir borgarar létust í gær er eldflaugum var skotið yfir til Ísraels frá Gazaströndinni og það sama gildir um fimm hátt setta Hamas-liða sem féllu í loftárásum Ísraelsmanna.

Forsætisráðherra Ísraels, Benjamín Netanjahú, lýsti því yfir að hann hefði skipað Ísraelsher að gera „stórkostlegar árásir" á Hamas.

Áður höfðu sjö manns látist í átökunum, meðal annars vanfær palestínsk kona og fjórtán mánaða gamalt barn hennar. – gar / sjá síðu 8

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Utanríkisráðherra skrifar um áskoranir á norðurslóðum. 10

SPORT Gullaldarlið KR í sérflokki á Íslandi. 15

TÍMAMÓT Úttekt á afdrifum tillagna Stoltenberg-skýrslunnar um norrænt samstarf í utanríkis- og varnarmálum. 16

MENNING Ljósmyndir Spessa frá Riga og Daugvapils í Lettlandi eru nú í Ramskram Gallery. 20

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður

Norðlæg átt, 3-8 m/s, bjart með köflum og yfirleitt þurrt, en austan 5-10 og dálitlar skúrir á Suðausturlandi. Hiti 4 til 13 stig, hlýjast á Suðurlandi og allvíða næturfrost inn til landsins. Hæg breytileg átt og skúrir sunnanlands á morgun, en léttskýjað fyrir norðan og heldur svalara.
SJÁ SÍÐU 18

Hatari sat fyrir svörum í gær.

Hótanir gegn Eurovision

ÍSRAEL Samtök herskárra íslamista úr röðum Palestínumann hefur í tilkynningu hótað Eurovision-söngvakeppninni að sögn Jerusalem Post. Aðstandendur keppninnar segja að hún haldi áfram samkvæmt áætlun.

„Öryggi er alltaf sett á oddinn hjá EBU," segir í tilkynningu frá samtökum evrópskra sjónvarpsstöðva vegna málsins. Samstarfinu við ísraelska ríkisútvarpið og ísraelska herinn verði haldið áfram og öryggi allra keppenda, gesta og starfsmanna í Expo Tel Aviv-höllinni tryggt.

Þá kemur fram að fyrsti stóri Eurovision-viðburðurinn í landinu hafi verið sleginn af í fyrradag. Þar átti að koma fram Dana International, keppandi Ísraels og sigurvegari árið 1998. Ekkert varð af samkomunni vegna fyrirskipana hersins sem hefur bannað allar fjöldasamkomur.

Hljómsveitin Hatari hélt í gær sína fyrstu æfingu á keppnissviðinu í Tel Aviv og gekk hún mjög vel að sögn liðsmanna íslensku sendinefndarinnar. Meðlimir Hatara sátu einnig fyrir svörum á blaðamannafundi. Vakti sérstaka athygli að þeir sögðust vonast til þess að hernámi Ísraels í Palestínu lyki. Tók þá stjórnandi blaðamannafundarins fyrir frekari fyrirspurnir frá blaðamönnum í sal. – **oæg**

Á leið í sund

Sumarveðrið sem hélt innreið sína á sumardaginn fyrsta hefur haldið velli á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir lækkandi hitatölur í spákortunum. Þessar tvær fylgdust að á reiðhjólum sínum á Seltjarnarnesi í gær. Miðað við útbúnaðinn virtist förinni heitið í sund. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þotan í eldhafi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þrettán fórust

MOSKVA Þrettán fórust þegar brennandi farþegaflugvél frá Aeroflot nauðlenti á flugvelli í Moskvu í gær.

Myndbönd af farþegum að flýja brennandi vélina birtust á samfélagsmiðlum.

Á meðal hinna látnu eru börn, samkvæmt fréttastofunni Tass. Vitni segja að það gangi kraftaverki næst að einhverjir hafi yfirhöfuð komist lífs af. 78 farþegar voru um borð. Enn er óljóst hvað olli því að kviknaði í vélinni en henni var snúið við um 30 mínútum eftir flugtak. Hún var á leið til Múrmansk. – **bg**

Stærsta timburhúsið á Íslandi rís við höfnina

Íbúar sem mótmæltu harðlega fimm hæða byggingu við höfnina í Hafnarfirði lutu í lægra haldi fyrir bæjaryfirvöldum. Nú rís þar stærsta timburhús landsins. Bæjarstjóri Hafnarfjarðar hlakkar til að sjá það málað í fallegum litum.

SKIPULAGSMÁL Nýtt fimm hæða timburhús sem kemur til með að hýsa Hafrannsóknastofnum hefur risið hratt síðustu vikur á hafnarbakkanum á móti miðbæ Hafnarfjarðar. Húsið var mjög umdeilt og mótmælti hópur íbúa því kröftuglega. Sögðu það of hátt og byrgja fyrir útsýni yfir Snæfellsjökul. Byggingin er á vegum einkaaðila sem kemur til með að leigja það út til Hafrannsóknastofnunar.

Byggingin var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi leyfið úr gildi síðasta sumar þar sem deiliskipulagið var ekki í samræmi við aðalskipulag. Bæjaryfirvöld breyttu síðan aðalskipulaginu og fór því byggingin aftur af stað. Guðmundur Ingi Markússon, íbúi í suðurbæ Hafnarfjarðar sem hefur mótmælt byggingunni, segir bæinn hafa stundað sýndarsamráð við íbúa.

Furðar hann sig á stjórnsýslunni í málinu. „Það var ekkert byggingarleyfi í gildi síðasta haust, en í millitíðinni var gefið út leyfi til að steypa gámastæði á lóðinni sem gerði þeim kleift að klára allan frágang á sökklinum þrátt fyrir að það væri ekkert byggingarleyfi. Núna er þetta orðið löglegt og þá eru þeir bara að byggja þetta hús."

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, er hæstánægð með bygginguna. „Þetta hefur gengið mjög hratt og vel. Þetta eru innfluttar einingar, mér skilst að þetta verði stærsta timburhúsið í landinu þegar það er komið upp," segir Rósa. „Húsið mun falla vel inn í þetta svæði og verður mikil prýði. Það verður auðvitað frábært að fá starfsemi Hafrannsóknastofnunar þarna inn í haust, þeir stefna að því að flytja þarna inn í september."

Byggingin verður máluð í skrautlegum litum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það verður mikið tilhlökkunarefni þegar húsið verður fullrisið. Það verður málað í fallegum litum í anda bárujárnshúsanna hér í Hafnarfirði.**

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Hún segir að húsið komi ekki til með að stækka á næstunni. „Það er byggingarréttur við hliðina, en þetta hús sem er að rísa verður eins og það er. Það er ekki komið neitt framkvæmdaleyfi og það er ekkert farið af stað með að nýta byggingarréttinn."

Unnið er að því að endurskipuleggja hafnarsvæðið og lýkur hönnunarvinnu arkitekta í sumar. „Það á að stækka bryggjuna og lengja hana fyrir smábáta, þeir færast þá nær miðbænum. Þetta er alþjóðleg þróun, hafnarsvæðin eru heitustu svæðin alls staðar í kringum okkur," segir Rósa. „Það verður mikið tilhlökkunarefni þegar húsið verður fullrisið. Það verður málað í fallegum litum í anda bárujárnshúsanna hér í Hafnarfirði. Þetta verður mjög lifandi hafnarsvæði með áherslu á þjónustu." **arib@frettabladid.is**

Mest seld í heimi
Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Mátaðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín týpa?

2 ára þjónustupakki fylgir með nýrri Corollu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

HYBRID

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Óska eftir rannsókn á meintum ólöglegum veiðum Hvals hf.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Jarðarvinir hafa óskað eftir því að lögreglustjórinn á Vesturlandi taki til tafarlausrar rannsóknar og eftir atvikum sæki forsvarsmenn Hvals hf. til saka þar sem þeir telja veiðileyfi þeirra hafa runnið út árið 2018.

Fréttablaðið greindi frá því þann 20. apríl síðastliðinn að Jarðarvinir teldu hvalveiðar Hvals hf. árið 2018 hafa verið ólöglegar. Veiðileyfið hafi í raun runnið út vegna þess að þeir héldu ekkert til veiða árin 2016 og 2017.

Lagarök Jarðarvina eru þau að samkvæmt fyrstu grein laga um hvalveiðar sé það skilyrði að fyrirtæki uppfylli lög um fiskveiðar.

Í lögum um stjórn fiskveiða er síðan gerð grein fyrir því að veiðileyfi í atvinnuskyni falli niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til veiða í 12 mánuði.

Í lögum um hvalveiðar segir að brot varði allt að sex mánaða fangelsi, upptöku á veiðitækjum skips, byssum, skotlínum, skotfærum svo og öllum afla skipsins.

Í Hvalfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einnig er talað um að kyrrsetja skuli skip sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum þegar það kemur til hafnar og er ekki heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvalds gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt.

„Ákvæði þessi eru skýr og refsiheimildir ótvíræðar," segir í bréfi Jarðarvina til lögreglustjórans á Vesturlandi sem dagsett er þann 29. apríl síðastliðinn.

Auk þessarar kæru hefur lögreglustjórinn á Vesturlandi tvær aðrar kærur til rannsóknar.

Hvalur hf. skar aldrei hval innandyra eins og átti að gera en talað var um í reglugerð frá árinu 2010 að skera ætti hval á yfirbyggðum skurðfleti.

Einnig hefur lögreglustjórinn til rannsóknar meint brot skipstjóra Hvals hf. hvað varðar vanrækslu á skilum dagbóka skipstjóra til Fiskistofu árin 2014-2018.

– sa

Vilja alla vindorku í umhverfismat

ALÞINGI Inga Sæland og Guðmundur Ingi Kristinsson, þingmenn Flokks fólksins, vilja að öll raforkuframleiðsla með 2 MW uppsett afl eða meira verði skyldug til að undirgangast umhverfismat.

Í núgildandi lögum er ekki skylt að framkvæma umhverfismat þegar reisa á vindtúrbínur sem geta afkastað 2 MW eða meira. „Vindtúrbínur með slíkri aflgetu geta náð töluverðri stærð og því verið áberandi í umhverfinu sem eitt og sér getur valdið ýmiss konar röskunum," segir í frumvarpi þingmannanna.

Því er lagt til að slíkar framkvæmdir verði alltaf háðar mati á umhverfisáhrifum. **– sa**

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

Röntgenlæknar fluttir inn frá Svíþjóð til að stytta biðlistana

Landspítali hefur fengið hjálp frá sænskum röntgenlæknum við myndgreiningar á brjóstakrabbameinum til að stytta biðlista spítalans. Nokkur skortur er á röntgenlæknum hér á landi. Röntgenlæknar líka sendir suður frá Akureyri. Rúmlega tvö hundruð konur greinast árlega með brjóstakrabbamein á Íslandi.

HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn hefur gripið til þess ráðs nú í nokkur skipti að flytja inn til landsins sænska röntgenlækna til að greina myndir úr skimunum eftir brjóstakrabbameinum hér á landi og hafa þeir unnið um helgar við þessa iðju.

Ástæður þessa voru að biðlisti eftir greiningu um brjóstakrabbamein hafði lengst úr hófi. Það má rekja til þess hversu erfitt er að manna stöður röntgenlækna. Einnig herma heimildir Fréttablaðsins að röntgenlæknar frá Akureyri hafi verið sendir suður til að greina myndir.

„Það er rétt að eftir að þessi hluti starfsins fluttist frá okkur til Landspítala þá lengdist biðlisti eftir greiningu nokkuð," segir Halla Þorvaldsdóttir, formaður Krabbameinsfélags íslands. „Hluti af þeirri skýringu má kannski segja að sé skortur á röntgenlæknum til að sinna þessari vinnu. Landspítali hefur því gripið til þess ráðs að fá erlenda lækna til að koma hingað og vinna um helgar."

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði á tímabili verið eitthvað á milli þriggja og fjögurra mánaða bið eftir því að fá úr því skorið hvort um brjóstakrabbamein væri að ræða hjá konum sem verður að teljast nokkuð langur tími. Halla sagði að staðan nú væri mun betri enda hefði Landspítali gripið til viðeigandi ráðstafana.

„Biðlistinn hefur minnkað aftur og unnið hefur verið vel úr stöðunni. Ég myndi segja að staðan væri mun betri nú en hún var á tímabili vegna þessara aðgerða," bætir Halla við.

Um skeið tók fjóra mánuði að fá úr því skorið hvort um brjóstakrabbamein væri að ræða. NORDICPHOTOS/GETTY

Halla Þorvaldsdóttir, formaður Krabbameinsfélags íslands.

Brjóstakrabbamein er sú tegund krabbameins sem er algengust meðal kvenna. Um 210 konur greindust í fyrra með slíkan sjúkdóm en aðeins fjórir karlmenn. Þessar tölur hafa ekki breyst mikið undanfarin 15 ár og því kemur nýgengi sjúkdómsins Landspítala ekki í opna skjöldu.

Árið 2017 fluttist þessi hluti greiningar brjóstakrabbameina frá Krabbameinsfélagi Íslands til Landspítala. Áður höfðu röntgenlæknar á Domus Medica unnið að þessari myndgreiningu með ágætis árangri. **sveinn@frettabladid.is**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM
UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

ILVA

GO CRAZY

LÝKUR Í DAG MÁNUDAG

25%

AF ÖLLUM VÖRUM

Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði

Tilboðin gilda 03.05.19 – 06.05.19

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga – sunnudaga 12–18, mánudaga – föstudaga 11–18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

Dæmt í hnífstungumáli

DÓMSMÁL Dómur verður kveðinn upp í Héraðsdómi Norðurlands eystra í dag í máli Sindra Brjánssonar sem ákærður er fyrir tilraun til manndráps í miðbæ Akureyrar þann 3. nóvember síðastliðinn.

Sindra er gefið að sök að hafa ítrekað stungið Elmar Sveinarsson, bæði í höfuð og búk, sparkað og slegið í hann. Auk áverka eftir stunguvopn hlaut Elmar tvö aðskilin höfuðkúpubrot.

Elmar krefst rúmra fimm milljóna í skaðabætur frá Sindra. Hann hlaut samtals tíu stungusár bæði í andlit og líkama, þar á meðal 7 til 8 sentimetra langan djúpan skurð sem skar í sundur munnvatnskirtil, kjálkavöðva að hluta og olli slagæðablæðingu. Elmar mun ávallt bera ör eftir árásina.

Í dómaframkvæmd er algeng refsing fyrir tilraun til manndráps fimm ára fangelsi. **– aá**

Tala fyrir samningunum

KJARAMÁL „Við töldum okkur ekki komast lengra og við teljum þennan samning vera góðan og í rauninni stór tímamót hjá okkur að ná þessu sem við náðum," segir Kristján Þórður Snæbjarnarson, talsmaður samflots iðnaðarmanna. Samningar við Samtök atvinnulífsins (SA) tókust fyrir helgi og ná til um 13 þúsund manns.

„Það er alveg klárlega þannig að menn munu tala fyrir þessum samningum. Ég ætla að vona að þetta fái góðar viðtökur hjá félagsmönnum," segir Kristján.

Byggt er á ramma sem mótaður var í lífskjarasamningnum. Kristján segir þó að stórt skref hafi verið stigið í átt að styttingu vinnuvikunnar.

„Í lok samningstímans geta iðnaðarmenn einhliða náð að stytta vinnutímann hjá sér án þess að vilji fyrirtækjanna sé til staðar sem slíkur."

Kristján segir að kynningar á samningnum muni væntanlega hefjast í þessari viku. Atkvæðagreiðslur standa til 21. maí.

> **Ég ætla að vona að þetta fái góðar viðtökur hjá félagsmönnum.**
>
> Kristján Þórður Snæbjarnarson, talsmaður samflots iðnaðarmanna

Í tilkynningu frá SA segir að nú hafi samningar verið gerðir fyrir um 90 prósent starfsmanna á almenna vinnumarkaðnum.

Enn eru þrjú mál á borði ríkissáttasemjara en þar eiga í hlut mjólkurfræðingar, flugfreyjur hjá Icelandair og flugumferðarstjórar.

Einar Ágúst Ingvarsson, formaður Mjólkurfræðingafélags Íslands, segir að viðræður félagsins hafi verið settar í bið meðan beðið var eftir samningi iðnaðarmanna. Það liggi nokkurn veginn fyrir að samið verði á svipuðum nótum. **– sar**

Árið 2013 sömdu Hópferðabílar Akureyrar við Eyþing um akstur þriggja leiða í landshlutanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Annast strætóferðir en hafa ekki rekstrarleyfi

Hópferðabílar Akureyrar ehf. ekur þrjár leiðir í almenningssamgöngukerfinu á Norðausturlandi. Hefur verið neitað um áframhaldandi greiðslustöðvun. Eyþing fylgist náið með þróun mála til að tryggja almenningssamgöngurnar.

SAMGÖNGUMÁL Hópferðabílar Akureyrar, sem sjá um almenningssamgöngur á Norðausturlandi, hafa misst rekstrarleyfi sitt til fólksflutninga. Því var ekið á öðru rekstrarleyfi síðastliðinn föstudag.

Árið 2013 gerði Hópferðabílar Akureyrar ehf. samning við Eyþing, sem er samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, um akstur þriggja leiða í landshlutanum. Um er að ræða samgöngur milli Siglufjarðar og Akureyrar, Húsavíkur og Akureyrar og Egilsstaða og Akureyrar.

Fram hefur komið í fréttum í vetur að fyrirtækið óskaði eftir greiðslustöðvun. Fyrirtækið fékk heimildina síðan þann 26. febrúar. Gilti greiðslustöðvunin til 16. mars og því þurfti að taka hana fyrir aftur þá. Það var svo í síðustu viku að fyrirtækið fékk ekki áframhaldandi greiðslustöðvun og er nú unnið að því að bjarga því sem bjargað verður.

> **Ég er mjög bjartsýn á að almenningssamgöngur riðlist ekki í landsfjórðungnum.**
>
> Hilda Jana Gísladóttir, formaður Eyþings

Rekstrarleyfi fyrirtækisins til fólksflutninga í atvinnuskyni, með bifreiðum sem skráðar eru fyrir níu eða fleiri farþega, rann út 2. maí síðastliðinn og því hefur fyrirtækið ekki leyfi til að aka leiðirnar á sínu rekstrarleyfi.

Fjalar Úlfarsson, framkvæmdastjóri Hópferðabíla Akureyrar, segir fyrirtækið nú vinna úr þeirri stöðu sem upp er komin. Hann segir að síðastliðinn föstudag hafi aðrir bílar keyrt þessar leiðir undir öðru rekstrarleyfi. Hann vildi ekki gefa upp á hvaða rekstrarleyfi það var gert.

Samkvæmt lögum um farþegaflutninga á landi þarf hver sá sem stundar farþegaflutninga í atvinnuskyni almennt rekstrarleyfi. Óheimilt er að stunda leyfisskylda farþegaflutninga án tilskilins leyfis og getur slíkt varðað sektum.

Hilda Jana Gísladóttir, formaður Eyþings, segir samtökin vera að skoða þá stöðu sem upp er komin.

„Ég er mjög bjartsýn á að almenningssamgöngur riðlist ekki í landsfjórðungnum og við hjá Eyþingi munum kappkosta að tryggja áframhaldandi akstur þessara leiða," segir Hilda Jana. „Við fylgjumst náið með gangi mála þar sem okkar verkefni er fyrst og fremst að tryggja áframhaldandi þjónustu við almenning." **sveinn@frettabladid.is**

Gangbrautir upplýstar eins og leiksvið

BORGARMÁL „Við viljum prófa næsta vetur að taka í notkun nýjustu tækni í gangbrautum, svokallaðar tölvuvæddar gangbrautir," segir Ólafur Kr. Guðmundsson, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur lagt fram tillögu fyrir borgarstjórnarfund á morgun um að fara í tilraunaverkefni til að auka öryggi á gangbrautum. Ef tillagan verður samþykkt verða fimm gangbrautir valdar þar sem komið verður fyrir búnaði sem skynjar þegar gangandi vegfarendur nálgast gangbraut og kveikir þá á LED-götulýsingu.

Verkefnið hefur verið Ólafi hugleikið í nokkurn tíma, setur hann þetta í samhengi við snjallvæðingu Reykjavíkurborgar. Verkefnið kemur til með að kosta 10 milljónir króna, eða tvær milljónir á hverja gangbraut. Meginmarkmiðið er að auka öryggi. „Þegar þú ert að nálgast gangbrautarkantinn, þá kviknar lýsing, upplýst gangbrautarmerki og blikkandi ljós. Þá verða gangandi vegfarendur upplýstir eins og á leiksviði. Þetta er hugsað fyrir myrkur, sérstaklega í skammdeginu, þá er öruggt að bílstjórar sjái vegfarendurna." **– ab**

Ólafur Kr. Guðmundsson varaborgarfulltrúi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Búnaður skynjar er gangandi vegfarendur nálgast gangbraut og kveikir þá á LED-götulýsingu.**

SUZUKI

Way of Life!

SWIFT,

VERÐLAUNABÍLL Í SÉRFLOKKI!

Suzuki Swift var valinn bíll ársins í flokki smærri fólksbíla, fékk gullverðlaun í „Grand Prix Auto Environment“ í Frakklandi ásamt fleiri verðlaunum og viðurkenningum.

Suzuki Swift hefur frábæra aksturseiginlega og er með nýjum, kraftmiklum og einstaklega sparneytnum vélum.

Suzuki Swift er fáanlegur sjálfskiptur, beinskiptur og einnig fjórhjóladrifinn.

VERÐ FRÁ KR.

2.390.000

Það er alltaf Suzuki veður!

BÍL ÁRSINS 2018 – BÍLABLAÐAMANNA

2018 RJC CAR OF THE YEAR

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

- **Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Stóð veiðiþjófa að verki

STANGVEIÐI Veiðimaðurinn Atli Bergmann var við veiðar í Elliðaánum í gærmorgun. Þegar hann kom niður að Höfuðhyl, einum þekktasta veiðistaðnum í ánni, blasti við honum ófögur sjón. Þrír veiðiþjófar stóðu þar með spúnastangir og köstuðu í hylinn.

„Ég kallaði og þeir hlupu þegar ég tók mynd – og brunuðu svo í burtu," segir Atli við Fréttablaðið. Hann hafði keypt veiðileyfi og því áttu engir aðrir að vera að veiða á svæðinu.

Spurður hvort hann telji að mennirnir, sem hann náði ekki tali af, hafi verið lengi við iðju sína svarar Atli því til að sennilega hafi þeir ekki verið lengi. „Ég var að skipta um taum og sat í sirka tíu til tólf mínútur. Þegar ég stóð upp og ætlaði að fara að kasta þá voru þeir þarna að spúna Höfuðhylinn," segir hann. Spúnaveiði er bönnuð í Elliðaánum.

Atli veiddi fimm urriða á vaktinni í morgun, þrjá væna en tvo smáa. **– bg**

Ættingjar syrgja látin ungmenni á Gaza í gær. NORDICPHOTOS/GETTTY

Hörðustu átök í fimm ár á Gaza-ströndinni

ÍSRAEL Hörðustu átök Ísraelsmanna og Palestínumanna í fimm ár hafa brotist út á Gaza-ströndinni síðustu daga. Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sagði í gær að hann hefði fyrirskipað stórsókn gegn því sem hann kallar hryðjuverkaógn á Gaza-ströndinni.

Um 20 Palestínumenn og 4 Ísraelar hafa fallið í átökunum síðustu daga og hundruð eru særð. Palestínumenn hafa samkvæmt fréttaflutningi af svæðinu og tilkynningum ísraelskra stjórnvalda reynt að skjóta rúmlega 500 eldflaugum að Ísraelum síðustu daga.

Palestínsk heilbrigðisyfirvöld segja tvær barnshafandi konur og tvö ung börn hafa fallið í árás ísraelska hersins í gær. Ísraelski herinn neitaði hins vegar að hafa verið valdur að dauða einnar þungaðrar konu og barns hennar. Taldi herinn að palestínsk eldflaug hefði geigað og drepið mæðgurnar.

Antonio Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði þróunina sorglega og hafði „þungar áhyggjur" af stöðu mála. Einnig taldi hann hættu á frekari neikvæðri þróun á svæðinu með meira mannfalli í aðdraganda Ramadan, hins heilaga mánaðar múhameðstrúarmanna.

Ísraelar kenna Hamas venjulega um hernaðarátök á svæðinu og telja að þeirra sé sökin á átökum á svæðinu. Hins vegar hafa þeir einnig kennt annarri fjölmennri hreyfingu, herskáum múhameðstrúarmönnum (PIJ), um átökin á svæðinu nú. Benjamín Netanjahú hélt rúmlega fjögurra klukkustunda neyðarríkisstjórnarfund í gær þar sem hann bað yfirmenn hersins að auka við herafla sinn og koma fleiri skriðdrekum á svæðið umhverfis Gaza og að vera tilbúnir fyrir næsta stig.

„Hamas bera ábyrgð, ekki bara á eigin árásum heldur bera þeir einnig ábyrgð á aðgerðum herskárra múhameðstrúarmanna og munu þeir gjalda það dýru verði," sagði ísraelski forsætisráðherrann í gær.

Árásir Ísraelsmanna hafa verið gagnrýndar af fjölda ríkja á meðan önnur, til dæmis Bandaríkin, hafa sagt Ísraelsmenn í fullum rétti til að verja sig. Írönsk stjórnvöld segja hins vegar árásir Ísraelsmanna á hernumdu landi vera glæpi. Gagnrýna stjórnvöld í Íran einnig Bandaríkjamenn fyrir að loka augunum gegn glæpum Ísraelsmanna.

sveinn@frettabladid.is

Land austan Hveragerðis, handan Varmár, heyrir undir lögsögu Ölfuss sem vill halda því þannig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ölfus hafnar að gefa Hveragerði eftir land

Land austan Varmár færist ekki úr lögsögu Ölfuss til Hveragerðis. Hagsmunir íbúa eru ekki hafðir að leiðarljósi segja Hvergerðingar. Ölfus segir núverandi sveitarfélagamörk ekki eiga að koma í veg fyrir áframhaldandi gott samstarf.

SVEITARSTJÓRNIR „Bæjarráð vill fullyrða að hagsmunir íbúa séu ekki hafðir að leiðarljósi þegar jafn afdráttarlaust er hafnað beiðni um viðræður um breytingu á sveitarfélagamörkum og hér hefur verið gert," segir í bókun bæjarráðs Hveragerðis vegna ákvörðunar bæjarráðs Ölfuss um að hafna viðræðum um færslu á mörkum sveitarfélaganna.

Hveragerði er umlukt Sveitarfélaginu Ölfusi sem meðal annars allt land austan Varmár tilheyrir. Ósk Hvergerðinga er sú að spilda austan bæjarins, handan Varmár og að fjallsrótum, verði færð undir lögsögu þeirra.

Í bókun bæjarráðs Hveragerðis kemur fram að erindi um viðræður um breytinguna á mörkum sveitarfélaganna hafi upphaflega verið sent árið 2015. Lýsti bæjarráðið yfir miklum vonbrigðum með afstöðu bæjarfulltrúa í Ölfusi við beiðninni.

„Það getur aldrei verið slæmt að ræða málin með það að markmiði að ná niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Það hafa bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar ítrekað gert þegar kemur að því að veita íbúum í dreifbýli Ölfuss þjónustu," segir í bókun bæjarráðs. Nærtækast sé að rifja upp gerð samkomulags um að börnum í dreifbýli Ölfuss bjóðist leikskólapláss á leikskólum bæjarins til jafns við Hvergerðinga. „Slíkt samkomulag var gert því hagsmunir íbúa voru hafðir að leiðarljósi."

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss.

Af þessum sökum segjast Hvergerðingar enn óska eftir endurupptöku á málinu í sveitarstjórn Ölfuss „með það fyrir augum að farsæl lausn finnist sem fyrst".

> **Í því erindi óskar Hveragerði eftir því að land sem hingað til hefur tilheyrt Sveitarfélaginu Ölfusi verði afhent Hveragerði.**
>
> Bæjarráð Ölfuss

Bæjarráð Ölfuss segir í svari að í erindi frá í maí 2016 hafi Hveragerði óskað „eftir því að land sem hingað til hefur tilheyrt Sveitarfélaginu Ölfusi verði afhent Hveragerði". Minnt er á að sams konar erindi hafi verið rætt á fundi bæjarstjórnar Ölfuss í júní 2015.

„Þar fékk málið þá afgreiðslu að miðað við þau gögn og forsendur sem fyrir lágu sæi bæjarstjórn ekki möguleika á að því að verða við því. Bæjarstjórn ítrekaði vilja til áframhaldandi góðs samstarfs og sá ekki núverandi sveitarfélagamörk koma í veg fyrir það," segir bæjarráðið sem kveður ekkert nýtt hafa komið fram sem kalli á endurskoðun á þessari afstöðu. **gar@frettabladid.is**

Bremsutilboð!

Aðeins viðurkenndir varahlutir

Það er mikilvægt öryggisatriði að hafa bremsurnar á bílnum í lagi.
HEKLA leggur sitt af mörkum til að tryggja öryggi ökumanna þegar ekið er inn í sumarið og býður 15% afslátt af bremsuvarahlutum og 10% afslátt af vinnu.
Bókaðu tíma hjá HEKLU í síma 590 5000 eða renndu við.

Hlökkum til að sjá þig!

15% afsláttur af bremsuvarahlutum og 10% afsláttur af vinnu!

Hraðþjónusta!

Við bjóðum upp á hraðþjónustu fyrir allar minniháttar viðgerðir og skoðanir þar sem þú einfaldlega rennur við á Laugavegi og bíður á meðan við athugum málið.

Engar tímapantanir!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.hekla.is/timabokanir

HONDA

RAFMAGNAÐIR AKSTURSEIGINLEIKAR

CR-V HYBRID

Bernhard - Honda á Íslandi • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

Umboðsaðilar: Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Furðuleg ræða

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Furðulegar ræður er stundum haldnar Alþingi og ein slík var einmitt flutt á dögunum. Þar steig í pontu þingmaður Miðflokksins, Birgir Þórarinsson, sem var undrandi á því að Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hefði á vettvangi Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna gagnrýnt stjórnvöld á Filippseyjum fyrir mannréttindabrot. Birgi fannst þessi gagnrýni ósanngjörn enda hefði stjórnvöldum á Filippseyjum tekist að snarlækka glæpatíðni.

Forseti Filippseyja er Rodrigo Dutarte og í valdatíð hans hafa mörg þúsund fíkniefnasalar og neytendur verið teknir af lífi án dóms og laga. Forsetinn hefur hvatt til slíkra morða og sjálfur sagst hafa tekið fólk af lífi þegar hann var borgarstjóri. Hver sem séð hefur sjónvarpsmyndir þar sem þessi maður tjáir sig hlýtur að átta sig á því að hann er stórhættulegur.

Þingmaður Miðflokksins sagði að Dutarte forseti nyti mikils stuðnings meðal landsmanna sinna. Ólíklegt er þó að konur í landinu hafi hann í sérstökum hávegum eftir að hann sagði í ræðu að fegurð kvenna útskýrði fjölda nauðgana í landinu. Eflaust á hann þó sína aðdáendur, en sá stuðningur segir ekkert um mannkosti hans eða hæfni til að gegna starfi sínu. Það er ekkert nýtt að þjóð hafi grimma leiðtoga í hávegum. Í nýlegri könnun í Rússlandi sögðu 70 prósent aðspurðra að þáttur Jósefs Stalíns í Rússlandi hafi verið algjörlega eða að mestu jákvæður. Þeir þátttakendur sem þarna hneigðu höfuð sitt í þakkarskuld við Stalín eru örugglega margir afkomendur fólks sem lét lífið í skelfilegum hreinsunum hans. Núverandi forseti, Vladímír Pútín, sem síst verður flokkaður sem talsmaður tjáningarfrelsis og mannréttinda, nýtur stuðnings landsmanna sinna. Í Bandaríkjunum á forseti, sem hefur sett fram rúmlega 10.000 röng eða misvísandi ummæli á rúmlega 800 dögum í embætti, góða möguleika á endurkjöri. Og talandi um Trump þá haga þingmenn Miðflokksins máli sínu stundum eins og þeir séu sérstakir sendiherrar Donalds Trump hér á landi. Í þessari furðulegu ræðu þar sem Birgir Þórarinsson lýsti vonbrigðum með gagnrýni utanríkisráðherra á stjórnvöld á Filippseyjum notaði hann ítrekað orðið „falsfréttir“. Hans skoðun er sú að umræðan um ástandið á Filippseyjum sé lituð af falsfréttum, settum fram til að sverta stjórnvöld þar í landi. Það er óhugguleg að þingmaðurinn skuli hafa komist að þessari niðurstöðu.

Það ætti að teljast til siðferðilegrar skyldu hvers þingmanns að hlusta á fulltrúa mannréttindasamtaka sem vara við ástandi í löndum þar sem mannréttindi eru fótum troðin. Það er ískyggilegt að íslenskur þingmaður skuli gera tilraun til að flokka slíkt sem falsfréttir. Það er því gott að vita til þess að annar þingmaður, Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, hafi ekki setið þegjandi undir stórundarlegri ræðu þingmanns Miðflokksins. Kolbeinn, sem er með hjartað á réttum stað, sagði að sér væri misboðið. Þar talaði hann fyrir hönd fjölmargra.

Það er óhugguleg að þingmaðurinn skuli hafa komist að þessari niðurstöðu.

Halldór

Frá degi til dags

Orkulítið íhald

Sjálfstæðisflokkurinn virðist eiga í nokkrum erfiðleikum með hinn sívinsæla þriðja orkupakka. Popúlistar virðast vera að höggva nokkuð í þann hóp sem hefur í áratugi kosið Sjálfstæðisflokkinn af gömlum vana og er annt um fálkann í brjósti sínu. Margir úr svokallaðri grasrót flokksins eru afar óánægðir með flokkinn sinn að standa ekki í lappirnar þegar kemur að þessum vágesti sem orkupakkinn kann að vera. Nú geti sambandið seilst í íslenska strauminn í gegnum sæstreng. Hatur margra í garð ESB virðist nú vera að smitast yfir á EES-samninginn og því gætu næstu misseri verið mjög athyglisverð í utanríkispólitík Íslands. Mikið mun mæða á Guðlaugi Þór það sem eftir er kjörtímabilsins.

Trússhestur ei meir

Einn þeirra sem hafa sagt skilið við flokkinn er Geir Jón Þórisson, fyrrum yfirlögregluþjónn. „Kristilegt uppeldi mitt segir að ekki skal treysta þeim sem fara með falsspár og því hefur mér ekki þóknast að fylgja þeim sem fara á svig við hið heilnæma orð,“ segir Geir Jón og segir bless við ránfuglinn eftir að hafa bundið trúss sitt við téðan flokk í fimm áratugi. Hins vegar er áhugavert að nú skuli hann fara úr flokknum út af Evróputilskipun. Nægar hafa nú ástæðurnar getað verið á þessum fimm áratugum.

sveinn@frettabladid.is

Saman til sjálfbærni á norðurslóðum

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Á morgun renna upp tímamót á sviði norðurslóðasamvinnunnar þegar Ísland tekur við formennsku í Norðurskautsráðinu til næstu tveggja ára. Fullyrða má að hlutverk ráðsins hafi aldrei verið brýnna en nú og athygli á málefnum norðurslóða aldrei meiri samfara hlýnun loftslags og sviptinga í alþjóðastjórnmálum.

Undir yfirskriftinni „Saman til sjálfbærni á norðurslóðum“ leggur Ísland áherslu á sjálfbæra þróun í efnahagslegu, umhverfislegu og félagslegu tilliti og beinir sjónum sérstaklega að málefnum hafsins, loftslagsmálum og grænum orkulausnum, svo og fólkinu á norðurslóðum.

Á vettvangi Norðurskautsráðsins hefur um árabil verið unnið mikilvægt starf við að meta ástand hafsins. Við munum lyfta málefnum hafsins í okkar formennskutíð og beina sérstaklega kastljósinu að plastmengun í norðurhöfum, sem og bláa hagkerfinu og nýsköpun sem til dæmis lýtur að fullnýtingu sjávarafurða.

Ummerki um loftslagsbreytingar eru hvergi jafn sýnileg og á norðurslóðum þar sem hitastigið hefur hækkað tvöfalt meira en heimsmeðaltalið. Um leið hækkar sjávarhitinn, hafís minnkar og jöklar hopa. Í formennskutíð Íslands verður lögð áhersla á vöktun og greiningu og unnið að hagkvæmum lausnum til orkuskipta í litlum og afskekktum samfélögum samhliða áframhaldandi vinnu við að draga úr losun skammlífra mengunarefna.

Síðast en ekki síst verður að styðja við sjálfbæra efnahagsþróun á norðurslóðum í þágu þeirra fjögurra milljóna sem búa á svæðinu. Grípa þarf tækifæri sem felast í tækniþróun og bættum samgöngum til að styrkja nýsköpun og fjölbreytta atvinnuvegi. Á formennskutímanum heldur Ísland enn fremur áfram að leiða verkefni um jafnrétti kynjanna á norðurslóðum.

Framundan eru ærnar áskoranir sem ekki verður tekist á við nema með samvinnu og sjálfbærni að leiðarljósi. Á þessum stefjum byggist formennska Íslands.

Við munum lyfta málefnum hafsins í okkar formennskutíð og beina sérstaklega kastljósinu að plastmengun í norðurhöfum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Viðureignin við Þanos

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Undanfarna daga hef ég lúslesið fréttasíðurnar á landinu bláa og leitað að markverðum tíðindum. Þar sem ég telst jú til fastra penna og skrifa vikulega, þá felst martröð mín einna helst í því að ekkert markvert, ekki baun, sé í fréttum. Ég espast upp við skandala og stórtíðindi, rifrildi og skærur. Þá er gaman. Lognmolla er dauði.

Í liðinni viku varð ég verulega undrandi. Gráti nær jafnvel. Ég var ekki að fara að skrifa um það að Icelandair ætli að skipta yfir í Airbus. Maður á ekki að venjast því að svona tíðindaleysi ríki í maí. Hin hefðbundna gúrkutíð er miðsumars. Þá eru allir í frí. Þessi undarlega ládeyða í fréttum og stórtíðindum varð mér sérstakt rannsóknarefni. Hvað er að ske? Hverju sætir? Eftir smá umhugsun blasti svarið við mér: Það eru auðvitað allir inni að horfa á Game of Thrones. Það má enginn vera að neinu öðru. Þjóðfélagið er á pásu.

Sameinuð veröld

Ekki bætir úr skák að Avengers: Endgame hefur einnig verið í bíó undanfarið. Það þarf að sjá hana líka. Mér finnst þetta bitastætt. Sjáiði til: Á laugardaginn fór ég í um það bil hundrað metra röð í fjörutíu mínútur í borginni La Paz í Bólivíu til að næla mér í miða fyrir fjölskylduna. Þar stóð ég við hlið frumbyggjakonu klæddrar í stórt litríkt pils með háan hatt á höfði að bólivískum sið og fjölskyldu hennar. Allir vilja sjá hvernig hetjunum reiðir af í viðureigninni við hinn ógnarsterka, illa og eilítið þunglynda Þanos. Það er einmitt þetta sem er magnað: Það er ótrúlegt að sjá hvernig stórvirki í sjónvarpsþátta- og kvikmyndagerð sameina fólk, jafnvel lungann úr mannkyni. Í samtölum við fólk í Suður-Ameríku segjum við stundum að við fjölskyldan séum úr norðri. „Norðan við vegg,“ segjum við og flestir skilja hvað átt er við. Það er hlegið. Jafnvel er talað smá í kjölfarið um sameiginlegar áhyggjur okkar af Jon Snow.

Ævintýrið í raunheimum

Við hjónin hyggjumst bíða með það að horfa á síðustu þáttaröðina. Við þurfum að komast í almennilegt sjónvarp, en ekki vera á flandri með bakpoka, áður en við byrjum slíka hátíð. Sá sem vogar sér að eyðileggja þessa eftirvæntingu, með því að segja okkur hvað gerist, mun uppskera djúpa óvild okkar hjóna um árabil. Svona eru áhrif vel gerðra sjónvarpsþátta og frábærra bíómynda: Þetta grípur mann. Maður hlakkar til að sjá. Maður lifir sig inn í. Og þó maður kunni vel að greina skil heimanna, þess sem gerist í ævintýrinu og þess sem gerist í raun og veru frá degi til dags, þá speglar vel gert sjónarspil raunheiminn og þá krafta sem þar eigast við.

> **Sá sem vogar sér að eyðileggja þessa eftirvæntingu, með því að segja okkur hvað gerist, mun uppskera djúpa óvild okkar hjóna um árabil.**

Og öfugt, vil ég meina: Getur ekki verið að þróun veraldarinnar þessi árin – hinn mikli umhverfisháski sem mannkyn hefur komið sér í – verði eins og tíu rosalegar seríur? Á einhverjum tímapunkti hverfur öll von – kannski bráðum – en svo gerist hið óvænta. Uppgötvun breytir öllum forsendum, hjálpræðið birtist úr óvæntri átt eða sameinaður kraftur fólksins magnast í veldisvexti þegar dauðalínan nálgast, og mannkyn sleppur með skrekkinn í bili. Hefur þróun háskans ekki svo oft verið svona, líkt og í sjónvarpsþáttaröð eða ofurhetjumynd? Kjarnorkustríðin urðu ekki, þótt stundum stappaði nærri því.

Vonin blíð

Það getur þannig falist ákveðin von í því í sjálfu sér – viss kraftur – að fólk í 170 löndum sé sameinað fyrir framan sjónvarpsskjái að horfa á háskaleg ævintýri og viðureignir dreka í frosthörkum. Ég veit ekki um neina sjónvarpsþáttaröð eða kvikmynd sem hefur endað með hörmungum. Alltaf sigrar hið góða. Vonin blíð. Hér vaknar spurning um áhrif. Hvaða áhrif hefur það á heilt mannkyn að sökkva sér sameiginlega í háskalegan söguþráð, hvað eftir annað, sem alltaf endar þó vel? Getur maður vonað að slíkt mannkyn muni, þegar öllu er á botninn hvolft, aldrei taka annað í mál en að háskaleikar raunveruleikans endi líka vel?

Horfum og vonum. Þokkaleg ævi – hef ég reiknað út – er um það bil tíu sjónvarpsþáttaraðir ef gert er ráð fyrir að hver þáttaröð sé níu seríur eða svo. Ævi mín byrjaði með Húsinu á sléttunni, færðist svo yfir í Dallas, þaðan í Friends, svo 24 og nú Game of Thrones. Inni á milli eru ótal bíómyndir og ótal aðrar seríur. Lost, Shameless, Walking Dead (ég hef verulegar áhyggjur af Rick Grimes). Ef vel spilast úr eiga kannski fimm seríur, hver á eftir annarri, eftir að marka spor sín í líf mitt hér eftir. Og vonandi sameinast mannkyn alltaf meira og meira yfir hinu sameiginlega markmiði: Að láta mannlífið dafna áfram, um aldir, þrátt fyrir yfirþyrmandi og endalausan háska.

„Hasta la vista, baby,“ sagði frumbygginn við okkur á strábátnum á Titicaca-vatninu í síðustu viku og réri aftur út á vatnið.

Við höfum öll rétt til vinnu

Drífa Snædal
forseti ASÍ

Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar

Hvar sem er í heiminum er fólk eins. Við viljum búa í friðsömu samfélagi þar sem við getum lifað á eigin forsendum. Grundvöllur að sjálfstæði okkar, andlegu heilbrigði og þátttöku í samfélaginu er réttur-inn til vinnu sem gerir okkur kleift að standa á eigin fótum.

En staðreyndin er sú að hópur fólks á Íslandi hefur ekki þessi sjálfsögðu réttindi. Það eru þau sem sótt hafa um hæli og bíða svara frá yfirvöldum. Eins fáránlega og það hljómar er hælisleitendum gert að lifa á framfærslu ríkisins þrátt fyrir að vinnu sé að hafa og fólk sé viljugt til verka.

Skilyrði sem ómögulegt er að uppfylla

Þau skilyrði sem hælisleitendur þurfa að uppfylla til að geta unnið eru þröng og einkennast af flóknu og seinvirku skrifræði, sem gerir jákvæða niðurstöðu því sem næst ómögulega. Flestir þurfa að bíða í þrjá mánuði til að mega yfirleitt sækja um atvinnuleyfi og þá þarf fólk að vera búsett annars staðar en í búsetuúrræði Útlendingastofnunar. En til að komast í annað úrræði þarf viðkomandi í flestum tilfellum að geta sýnt fram á að vera með vinnu. Ef fólki tekst að uppfylla þessi nánast ómögulegu skilyrði tekur við bið eftir að umsóknin fái úrvinnslu, en að því koma Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, stéttarfélög og atvinnurekandinn.

Atvinnurekendur bíða ekki lengi, enda er fljótvirkara að flytja inn fólk til að leysa úr manneklu í stað þess að fara eftir leikreglum þeim sem settar hafa verið þegar kemur að hælisleitendum. Sumir atvinnurekendur nýta sér svo bága stöðu þeirra sem bíða úrlausnar sinna mála og bjóða örvæntingarfullum manneskjum svarta vinnu. Með því er stuðlað að félagslegum undirboðum en það samfélagsmein er á ábyrgð okkar allra að uppræta.

Ástand sem er engum til sóma

Nálægt þúsund manns hafa sótt um hæli á ári frá 2016, en aðeins nokkrir tugir fengið atvinnuleyfi. Þetta ástand er engum til sæmdarauka og kemur sér illa fyrir samfélagið, atvinnulífið og ekki síst hælisleitendur.

Atvinnuleysi eykur á vanlíðan þeirra sem bíða, fólks í einstaklega viðkvæmri stöðu. Það sem verra er, hælisleitendunum er stundum sjálfum kennt um ástandið sem þeir eru neyddir til að lifa við. Þetta skapar samfélagslega sundrung og elur á viðhorfum sem aðeins leiða yfir okkur hörmungar.

Það er til lausn

Smálegar breytingar, auðveldar í framkvæmd, geta einfaldað umsóknarferlið fyrir bráðabirgðaatvinnuleyfi til muna. Við getum komið þeim á um leið og fulltrúar viðkomandi stofnana og ráðuneyta setjast niður og leysa málið.

Látum ekki grimmileg viðhorf móta afstöðu íslenskra stjórnvalda. Ríkt samfélag sem vill kenna sig við mannréttindi og frelsi á að láta mannúð og skynsemi ráða för þegar kemur að því að aðstoða fólk í leit að öruggri tilveru.

HAGSTJÓRN Á ÓVISSUTÍMUM
Economic Policy in Turbulent Times

Mervyn King, fyrrverandi bankastjóri Englandsbanka heldur opinn fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands, Aðalbyggingu, þriðjudaginn 7. maí kl. 15.00.

King var seðlabankastjóri Bretlands 2003-2013, í aðdraganda hrunsins og í glímunni við afleiðingar þess. Á þeim tíma voru íslensk málefni hluti af viðfangsefnum hans.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

Allir velkomnir!

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Samtök sparifjáreigenda

ALDREI AFTUR! - FUNDARÖÐ SAMTAKA SPARIFJÁREIGENDA

Kraftajötnar tókust á í Laugardalshöll um helgina

Jacqueline Dahlström skaraði fram úr í kvennaflokki á fyrsta alþjóðlega Cross-Fit-mótinu sem fór fram í Laugardalshöll um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá mótinu er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Sara Björk Þýskalandsmeistari þriðja árið í röð

FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir og stöllur hennar í Wolfsburg tryggðu sér þýska meistaratitilinn um helgina með 1-0 sigri á Hoffenheim. Er þetta þriðja árið í röð sem Sara Björk verður meistari með Wolfsburg eftir að hafa gengið til liðs við þýska stórveldið árið 2016 frá Rosengard í Svíþjóð.

Aðeins fjórir dagar liðu á milli þess að Wolfsburg var að taka við bikarmeistaratitlinum í Þýskalandi þar til leikmenn liðsins fóru í leik þar sem sigur myndi gera það að verkum að Bayern München myndi ekki eiga möguleika á að ná Wolfsburg.

Sara fékk því að fagna tveimur stærstu titlum Þýskalands á innan við viku.

„Þetta var ótrúlega góð tilfinning, við vissum að það væru tvær umferðir eftir og við þyrftum tvö stig til að tryggja okkur titilinn. Það var frábært að klára þetta strax í fyrstu atrennu og við eigum þennan titil skilið eftir gott tímabil og loka þessum tveimur titlum."

Það er mikið álag á leikmönnum í Þýskalandi.

„Við erum kannski vanar þessari viku og álaginu sem fylgir því, þetta er ótrúlegt álag, margir leikir sem taka á. Maður þurfti að vera einbeittur fyrir bikarúrslitaleikinn sem var erfiður og maður fagnaði sigrinum þar en svo tók bara strax við næsti leikur. Við vissum hvað var undir, að við gætum tryggt okkur titilinn og við erum með reynslumikið lið sem hefur tekist á við þetta áður. Það gerði okkur auðveldara fyrir, " segir Sara aðspurð út í stuttan undirbúningstíma á milli leikja.

„Við áttum tvo erfiða leiki eftir, Hoffenheim hafa verið sterkar í ár og þetta var erfiður leikur í dag," segir Sara um leikinn í gær þar sem hún byrjaði að vanda á miðjunni.

Hafnfirðingurinn er ánægð með spilamennsku sína á þriðja tímabilinu í Þýskalandi.

„Ég er búin að hugsa betur um mig á þessu ári og hef bætt mikið við æfingarnar hjá mér, fyrirbyggjandi æfingar til að takast betur á við álagið sem fylgir því að spila fyrir Wolfsburg. Ég tók það í mínar eigin hendur að reyna að bæta mig þar og það munaði miklu," segir Sara að lokum. – **kpt**

NOTAÐ OG NÝTT

Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 8. maí 2019, kl. 8–10, Hótel Sögu, Kötlusal

Síðastliðin misseri hefur verið unnið markvisst að því að bæta aðgengi að gögnum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Á fundinum verða kynntar margvíslegar nýjungar við miðlun á menningararfinum og tengdum rannsóknum, hvort sem litið er til örnefna eða orðaforða, bókmennta eða tungumálakennslu. Boðið verður upp á morgunmat frá kl. 8.

Dagskrá

8.00 Morgunmatur

8.30 Fundur settur

Dagný Jónsdóttir, formaður stjórnar stofnunarinnar, flytur ávarp

Guðrún Nordal forstöðumaður stofnunarinnar segir frá starfinu undanfarin misseri og ársskýrslunni

Trausti Dagsson verkefnisstjóri: *Nýjungar Árnastofnunar á veraldarvefnum*

Árni Davíð Magnússon, starfsmaður við rafræna útgáfu á Orðabók Blöndals: *Blöndal til framtíðar*

Birna Lárusdóttir, sérfræðingur í rannsóknarstöðu Sigurðar Nordals: *Örnefnin og hugmyndir okkar um heiminn*

Haraldur Bernharðsson, dósent við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands og forstöðumaður Miðaldastofu: *Íslensk miðaldafræði of veröld víða*

Branislav Bédi verkefnisstjóri: *Íslenskukennsla í sýndarheimum*

Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, flytur ávarp

Fundarstjóri er **Eva María Jónsdóttir**

Vinsamlegast skráið ykkur á fundinn á vefnum: *arnastofnun.is/arsfundur-2019*

Nýjast

Pepsi Max-deild karla

HK - Breiðablik 2-2
1-0 Ásgeir Marteinsson (46.), 2-0 Björn Berg Bryde (50.), 2-1 Thomas Mikkelsen (89.), 2-2 Viktor Örn Margeirsson (94.).

KA - Valur 1-0
1-0 Hallgrímur Mar Steingrímsson, víti (54.),

KR - ÍBV 3-0
1-0 Pálmi Rafn Pálmason (55.), 2-0 Óskar Örn Hauksson (66.), 3-0 Björgvin Stefánsson (87.).

Grindavík - Stjarnan 1-1
0-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson, víti (29.), 1-1 Patrick N'Koyi, víti (65.)

Fylkir - ÍA 2-2
0-1 Hörður Ingi Gunnarsson (13.), 1-1 Einar Logi Einarsson, sjálfsm. (52.), 2-1 Geoffrey Castillion (71.), 2-2 Óttar Bjarni Guðmundsson (90+1.).

Olís-deild karla
Undanúrslit

Haukar - ÍBV 32-27
Haukar: Daníel Þór Ingason 9, Tjörvi Þorgeirsson 6, Heimir Óli Heimisson 5, Einar Pétur Pétursson 5, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 4, Ásgeir Örn Hallgrímsson 2, Atli Már Báruson 1..
ÍBV: Dagur Arnarsson 5, Friðrik Hólm Jónsson 4, Kristján Örn Kristjánsson 4, Fannar Þór Friðgeirsson 4, Hákon Styrmir Daðason 3, Gabríel Martinez Róbertsson 2, Elliði Snær Viðarsson 2, Sigurbergur Sveinsson 1, Daníel Örn Griffin 1, Magnús Stefánsson 1.

Staðan í einvíginu 2-1 fyrir Hauka. Vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram í úrslitin.

Domino's-deild karla
Úrslit

KR - ÍR 98-70
KR: Michele Di Nunno 29, Julian Boyd 21/10 fráköst, Emil Barja 12, Jón Arnór Stefánsson 10, Björn Kristjánsson 9, Kristófer Acox 8, Helgi Már Magnússon 5, Sigurður Á. Þorvaldsson 3, Vilhjálmur Kári Jensson 1.
ÍR: Hákon Örn Hjálmarsson 18, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 16, Matthías Orri Sigurðarson 14, Sigurkarl Róbert Jóhannesson 9, Sæþór Elmar Kristjánsson 7, Gerald Robinson 4, Hjalti Friðriksson 2.

KR er Íslandsmeistari í karlaflokki sjötta árið í röð. Nánar er fjallað um leikinn á síðu 15.

Sigur í fyrsta leik á Írlandi

FÓTBOLTI Íslenska piltalandsliðið skipað leikmönnum undir sautján ára aldri vann fyrsta leik sinn með naumindum í lokakeppni Evrópumótsins sem hófst í Dublin á Írlandi um helgina. Íslenska liðið komst 3-0 yfir í fyrri hálfleik en andstæðingarnir, Rússar, hleyptu spennu í leikinn á ný með tveimur mörkum í seinni hálfleik.

Íslenska liðið byrjaði af krafti og komst yfir með sjálfsmarki frá Rússum. Stuttu síðar bætti Jón Gísli Eyland Gíslason við marki áður en Andri Lucas Guðjohnsen kom Íslandi 3-0 yfir af vítapunktinum eftir að hafa krækt sjálfur í vítið.

Drengirnir mæta Ungverjalandi sem vann Portúgal í næsta leik á þriðjudaginn áður en þeir mæta Portúgölum í lokaumferðinni á föstudaginn. Tvö efstu lið riðilsins komast áfram í átta liða úrslitin og fimm efstu liðin í lok móts komast á Heimsmeistaramótið í Brasilíu sem fer fram í haust. – **kpt**

SKOÐAÐU TILBOÐIN OKKAR Á ORMSSON.IS

AEG DAGAR

15-20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM **AEG** VÖRUM ORMSSON

15% afsláttur

AEG ÞVOTTAVÉLAR

15% afsláttur

AEG ÞURRKARAR

15% afsláttur

AEG UPPÞVOTTAVÉLAR

20% afsláttur

AEG HELLUBORÐ

20% afsláttur

AEG VEGGOFNAR

15% afsláttur

AEG ÖRBYLGJUOFNAR

15% afsláttur

AEG ELDAVÉLAR

AEG RYKSUGUR

15% afsláttur

15% afsláttur

15% afsláttur

AEG KÆLISKÁPAR

15-20% afsláttur

SAMSUNG KÆLISKÁPAR

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Enska úrvalsdeildin

Úrslit 37. umferðar 2018-19

Bournem. - Tottenham 1-0
1-0 Nathan Aké (90.)
Rauð spjöld: Son Heung-Min (43.), Juan Foyth (48.).

West Ham - Southampt. 3-0
1-0 Marko Arnautovic (16.), 2-0 Arnautovic (69.), 3-0 Ryan Fredericks (72.).

Wolves - Fulham 1-0
1-0 Leander Dendoncker (75.).

Cardiff - Crystal Palace 2-3
0-1 Wilfried Zaha (28.), 1-1 Martin Kelly, sjálfsm. (31.), 1-2 Michy Batshuayi (39.), 1-3 Andros Townsend (70.), 2-3 Bobby Reid (90.).

Newcastle - Liverpool 2-3
0-1 Virgil van Dijk (13.), 1-1 Christian Atsu (20.), 1-2 Mohamed Salah (28.), 2-2 Salomon Rondon (54.), 2-3 Divock Origi (86.).

Chelsea - Watford 3-0
1-0 Ruben Loftus-Cheek (48.), 2-0 David Luiz (51.), 3-0 Gonzalo Higuain (75.).

Huddersf. - Man. United 1-1
0-1 Scott McTominay (9.), 1-1 Isaac Mbenza (60.).

Arsenal - Brighton 1-1
1-0 Pierre-Emerick Aubameyang, víti (8.), 1-1 Glenn Murray, víti (60.).

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Liverpool	37	29	7	1	87-22	94
Man. City	36	30	2	4	90-22	92
Chelsea	37	21	8	8	63-39	71
Tottenham	37	23	1	13	65-37	70
Arsenal	37	20	7	10	70-50	67
Man. Utd.	37	19	9	9	65-52	66
Wolves	37	16	9	12	47-44	57
Everton	37	15	8	14	52-44	53
Leicester	36	15	6	15	51-47	51
Watford	37	14	8	15	51-55	50
West Ham	37	14	8	15	48-54	49
C. Palace	37	13	3	17	46-50	46
Bournem.	37	13	6	18	46-50	45
Newcastle	37	11	9	17	38-48	42
Burnley	37	11	7	19	44-65	40
Southam.	37	9	11	17	44-64	38
Brighton	37	9	9	19	34-56	36
Cardiff	37	9	4	24	32-69	31
Fulham	37	7	5	25	34-77	26
Huddersf.	37	3	6	28	21-75	15

Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi

Cardiff City
Aron Einar Gunnarsson
Lék allan leikinn í tapi gegn Crystal Palace.

Reading
Jón Daði Böðvarsson
Ekki í leikmannahóp Reading í jafntefli.

Aston Villa
Birkir Bjarnason
Lék síðustu mínúturnar í 1-2 tapi gegn Norwich.

Cardiff fallið eftir helgina

FÓTBOLTI Það varð ljóst um helgina að Cardiff fylgir Fulham og Huddersfield niður í Championship-deildina fyrir næsta tímabil eftir tap Cardiff fyrir Crystal Palace. Þá varð ljóst að Cardiff gat ekki lengur náð Brighton að stigum.

Tvö af þremur liðunum sem komu upp síðasta vor fara því beinustu leið niður aftur.

Úlfarnir sem komu með Cardiff og Fulham upp síðasta vor eru líklegast búnir að tryggja sér sjöunda sætið eftir sigur á Fulham um helgina. **– kpt**

Leikmenn Arsenal voru skiljanlega þungir á brún í leikslok eftir dýrkeypt jafntefli í síðasta leik tímabilsins á Emirates-vellinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Þurfa að fara fjallabaksleiðina

Skytturnar verða að fara erfiðu leiðina til að afla sér þátttökuréttar í Meistaradeild Evrópu á næsta ári eftir að vonir þeirra um að ná einu af fjórum efstu sætunum í urðu svo gott sem að engu um helgina.

FÓTBOLTI Það er ljóst að Arsenal þarf að fara erfiðu leiðina til að afla sér þátttökuréttar í Meistaradeild Evrópu á næsta ári eftir úrslit helgarinnar. Erkifjendur Arsenal í Tottenham misstigu sig í enn eitt skiptið um helgina en Arsenal gat ekki innbyrt stigin þrjú gegn slöku liði Brighton á heimavelli. Þegar ein umferð er eftir af ensku úrvalsdeildinni eru Skytturnar þremur stigum á eftir Tottenham og þyrftu þar að auki að vinna upp átta marka mun þegar þeir heimsækja Burnley á sama tíma og Tottenham tekur á móti Everton um næstu helgi.

Það er því líklegra að Arsenal þurfi að vinna Evrópudeildina til þess að komast aftur í deild þeirra sterkustu í Evrópu. Arsenal er í lykilstöðu þar eftir 3-1 sigur á Valencia fyrr í vikunni . Verður Arsenal því að teljast ansi líklegt til sigurs með Unai Emery í brúnni sem hefur þrisvar stýrt liði til sigurs í Evrópudeildinni.

Það kom loks að því að leikjaálagið sem fylgir því að leika í Evrópudeildinni á fimmtudögum næði til Arsenal. Aðeins eitt stig er uppskeran í síðustu fjórum leikjum hjá Arsenal og fjögur stig af átján möguleg um í síðustu sex leikjum. Möguleikinn var fyrir hendi á að skjótast fram úr nágrannaliðunum Chelsea og Tottenham en Arsenal glutraði því niður með spilamennskunni í deildinni undanfarnar vikur.

„Það er hægt að segja ýmislegt um vandræði okkar á þessu tímabili en við verðum að gleyma þessu og horfa á leikinn gegn Valencia á fimmtudaginn. Við náðum ekki okkar markmiðum í deildinni en það er of snemmt að fara að tala um markmið næsta tímabils," sagði Unai Emery, knattspyrnustjóri Arsenal, vonsvikinn eftir leikinn í gær.

„Evrópudeildin er allt sem er eftir fyrir okkur, það er leiðin okkar inn í Meistaradeildina þar sem við viljum vera á næsta ári. Fremst í forgangsröðinni er enska úrvalsdeildin og við erum langt á eftir toppliðunum þar en ætlum okkur að minnka bilið."

kristinnpall@frettabladid.is

Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

Stærstu úrslitin
Chelsea mætti Watford nokkrum dögum eftir erfiðan leik í Evrópudeildinni og tryggði sér þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili eftir eins árs fjarveru með 3-0 sigri á Brúnni.

Hvað kom á óvart?
Huddersfield sem er eitt af lélegustu liðum sem hafa tekið þátt í úrvalsdeildinni kvaddi deildina með stæl á heimavelli og nældi í stig gegn stórveldinu Manchester United.

Mestu vonbrigðin
Arsenal gat nýtt sér mistök Tottenham deginum áður og saxað á nágranna sína í baráttunni um eitt af fjórum efstu sætunum gegn Brighton sem hefur verið eitt slakasta lið deildarinnar eftir áramót. Arsenal komst yfir snemma leiks en þurfti að sætta sig við eitt stig á heimavelli.

Leikmaður helgarinnar

Belginn Eden Hazard bjargaði Chelsea enn einu sinni í 3-0 sigri á Watford um helgina. Chelsea átti erfitt með að brjóta ísinn framan af í leiknum en Hazard átti stóran þátt í fyrstu tveimur mörkum Chelsea ásamt því að skapa mörg góð færi fyrir liðsfélaga sína.

Belginn hefur verið langbesti leikmaður Chelsea á tímabilinu og á stóran þátt í því að Chelsea verður aftur í Meistaradeild Evrópu á næsta ári eftir eins árs fjarveru. Hann hefur nú komið að 31 marki í ensku úrvalsdeildinni, skorað sextán og lagt upp fimmtán fyrir liðsfélaga sína.

Líklegt er að Hazard söðli um og semji við Real Madrid í sumar eftir sjö farsæl ár á Brúnni. Hazard á eitt ár eftir af samningi sínum og hefur ekkert farið leynt með áhuga sinn á að spila einn daginn fyrir Real Madrid og Zinedine Zidane. Spænska stórveldið hefur eyrnamerkt Hazard sem staðgengil Ronaldo og er því líklegt að þetta hafi verið síðasti heimaleikur Hazards fyrir Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.



» Arsenal fékk 45 stig á heimavelli á fyrsta tímabilinu undir stjórn Unai Emery, tveimur stigum minna en undir stjórn Arsene Wenger í fyrra.

Fólk

Lífsstíll

MÁNUDAGUR 6. MAÍ 2019

Montar sig af að vera íslensk

Söngkonan Glowie er einfari sem lætur engan stjórna því hvað hún gerir né hvernig hún lítur út. Hún er með 50 manna starfslið í Lundúnum, syngur lög eftir helstu lagasmiði heims og hlakkar til að fá kærastann til sín í sumar. →2

Það er list og sköpun sem gerir Glowie hvað hamingjusamasta, en hún blómstrar nú hjá útgáfurisanum Columbia Records. MYND/GUÐLAUGUR ANDRI EYÞÓRSSON

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Mér finnst ég hálfpartinn önnur manneskja en ég var fyrir ári. Ég hef þroskast og lært svo mikið síðan ég flutti út," segir söngkonan Glowie þar sem hún teygir úr sér í morgunsól Lundúna klukkustundum áður en hún stígur á svið í Royal Albert Hall til að hita upp fyrir velsku söngkonuna Marinu síðastliðið föstudagskvöld.

„Lífið er bara yndislegt hér í London. Mér líður ofboðslega vel enda að vinna með frábæru fólki. Dagarnir eru mismunandi en það er alltaf nóg að gera og það þykir mér gaman. Mér finnst best að byrja daginn á því að skokka í garðinum eldsnemma morguns og verja svo tímanum í stúdíóinu með Cameron, félaga mínum. Hann er svo vinalegur og skemmtilegur að vinna með. Þegar kvöldar þykir mér ljúft að elda eitthvað gott heima og lesa ljóð áður en ég fer í háttinn."

Hlakkar til að fá kærastann

Glowie eyddi dágóðum tíma í heimsborginni Lundúnum áður en hún flutti þangað í byrjun sumars 2018.

„Ég var því nokkurn veginn búin að venjast borginni áður en flutningurinn átti sér stað. Þetta var að sjálfsögðu mikil breyting en á sama tíma rosalega spennandi. Ég sakna fjölskyldu og vina vitaskuld mjög mikið, kem í heimsókn til Íslands þegar tími gefst og hlakka til þegar kærastinn minn, Guðlaugur Andri Eyþórsson, flytur út til mín í sumar. Ég sakna þess líka að sjá hafið og íslensku fjöllin, drekka hreina vatnið og anda að mér fersku og köldu loftinu heima," segir Glowie sem leitaði oft í einveru í friðsæld íslenskrar náttúru þegar hún óx úr grasi.

„Ég hef komist að því að ég er svolítill einfari í mér. Þess vegna hef ég dálæti á morgnunum hér úti því þá get ég farið út í garð til að eiga náðarstund með sjálfri mér áður en dagurinn og stórborgarysinn hefst. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir alla að geta notið þess að eiga stund með sjálfum sér, hugsa vel um sig og byggja upp sjálfstraust."

Erfitt að bæta á sig kílóum

Í ársbyrjun 2018 setti Glowie sér markmið um að vera ætíð hún sjálf, hamingjusöm og tilfinningarík. Hún afneitaði kröfum samfélagsins að þurfa að vera lýta- og gallalaus til þess eins að öðrum líkaði við hana.

„Nú er rúmt ár liðið og þetta er nákvæmlega sú sem ég er og hvernig ég lifi lífi mínu í dag. Ég hef aldrei fyrr verið jafn hamingjusöm og ég er á ofboðslega góðum stað í lífinu," segir Glowie sem lætur engan stjórna því hvernig hún lítur út.

„Þvert á móti klæði ég mig og mála eins og mig langar. Mér finnst heldur alls ekki ætlast til þess af mér að ég líti út eða hagi mér á ákveðinn hátt til að öðrum þóknist í tónlistarbransanum," segir Glowie sem fékk iðulega athugasemdir annarra um að hún væri of grönn á uppvaxtarárunum.

„Frá náttúrunnar hendi hef ég alltaf verið ofboðslega grönn og afar hröð brennsla gerir mér erfitt fyrir að bæta á mig kílóum. Ég einbeiti mér því að því að borða hollt og hreyfa mig reglulega því heilsan skiptir mig mestu, en ekki hvernig ég lít út."

Glowie er á góðum stað í lífinu og segist aldrei hafa verið jafn hamingjusöm og nú. MYND/GUÐLAUGUR ANDRI EYÞÓRSSON

> **Mér finnst hálf asnalegt þegar tónlistarmenn fara í samkeppni. Það tekur frá manni óþarflega mikla orku; orku sem má frekar nýta í góða list.**
>
> **Glowie**

Er að upplifa draum sinn

Glowie er nýorðin 22 ára. Hún vakti fyrst athygli þegar hún sigraði í Söngvakeppni framhaldsskólanna árið 2014, þá sautján ára gömul. Í kjölfarið buðust mýmörg tækifæri en Glowie bað um frest til að þroska og þróa rödd sína. Árin 2015 og 2016 kom hún lögunum No More, Party, One Day og No Lie á íslenska vinsældalista og í mars 2017 var tilkynnt að Glowie hefði skrifað undir samning við alþjóðlega útgáfurisann Columbia Records og RCA Records, sem sagður er stærsti útgáfusamningur sem íslenskur listamaður hefur gert. Fyrsta lag Glowie fyrir Columbia var Body, sem kom út í nóvember, og nýlega bættist við smellurinn Cruel sem heyrist nú oft á öldum ljósvakans.

„Samningurinn við Columbia var draumur sem rættist og ég er algjörlega að upplifa drauminn. Það fylgir eflaust öllum störfum að þurfa að klífa háa tinda en ég hef svo mikla ástríðu fyrir því sem ég er að fást við að ég nýt mín í öllu sem fylgir starfinu, hvort sem það eru góðu eða erfiðu hlutirnir," segir Glowie sem var útnefnd heitasta útflutningsafurð Íslands í tónlist af gagnrýnendum Vice, Vogue og i-D.

Hún upplifir enga streitu í hörku tónlistarheimsins.

„Ég lít ekki á tónlistarbransann sem keppni og finnst hálf asnalegt þegar tónlistarmenn fara í samkeppni. Mér finnst frekar að við ættum að standa saman og styðja hvort annað. Að vera í endalausri samkeppni tekur frá manni óþarflega mikla orku; orku sem maður getur í staðinn notað til að búa til góða list. Þess vegna á maður að njóta þess að gera það sem manni þykir skemmtilegt og það er einmitt það sem ég einbeiti mér að."

> **Í tónlist minni fjalla ég mikið um mismunandi tilfinningar og andlega heilsu, og því geta bæði kynin samsamað sig.**
>
> **Glowie**

Góðir hlutir gerast hægt

Nýju lögin hennar Glowie eru samin af þungavigtarfólki í tónlistarheiminum. Lagið Body var samið af Juliu Michaels sem hefur til dæmis samið smelli fyrir Justin Bieber, Demi Lovato, Britney Spears og Selenu Gomez, og lagið Cruel samdi Tayla Parx sem hefur meðal annars unnið með Ariönu Grande, Jennifer Lopez, Rihönnu og Mariuh Carey.

„Bæði Body og Cruel innihalda skilaboð sem standa nærri hjarta mínu en þeim er ekki eingöngu beint til kvenna heldur líka karla. Ég reyni að gefa út lög sem ná til allra og í tónlist minni fjalla ég mikið um mismunandi tilfinningar og andlega heilsu, og því geta bæði kynin samsamað sig," útskýrir Glowie um textasmíðarnar sem eru þrungnar merkingu um andlega heilsu, líkamsvirðingu og mannlegar tilfinningar.

Hún segir gaman að vinna með svo hæfileikaríku fólki en allt að fimmtíu manns vinna eingöngu í kringum Glowie hjá Columbia Records.

„Það er ansi mikið af fólki og getur stundum orðið yfirþyrmandi að hugsa út í það, en allt er þetta yndislegir einstaklingar og einstaklega gaman að vinna með þeim. Við Tayla Parx erum orðnar góðar vinkonur. Hún er ofboðslega indæl og algjör stuðbolti. Við höfum átt skemmtilegar samræður um alls konar hluti og það er gott að geta talað við einhvern sem hefur verið lengi í bransanum og getur gefið góð ráð þegar maður þarf á að halda."

Í smíðum er ný plata sem Glowie vonast til að komi út í ár eða á næsta ári.

„Við tökum eitt skref í einu því að góðir hlutir gerast hægt. Þessa dagana vinnum við að því að gefa út nýja smáskífu í sumar og það eru komin svo mörg góð lög í sigtið að það er um að gera að leyfa öðrum að heyra hvað við höfum verið að bralla á bak við tjöldin. Það er alltaf nóg að gera og næst á dagskrá er að koma fram á tónlistarhátíðinni The Great Escape sem fer fram í Brighton í vikunni," segir Glowie sem vekur jafnan mikla athygli fyrir þjóðerni sitt.

„Þegar ég hitti nýtt fólk tek ég yfirleitt alltaf fram að ég sé íslensk. Það þykir bæði merkilegt og gaman, og ég er mjög stolt af því að vera frá Íslandi. Það er því um að gera að monta sig aðeins af því," segir hún og hlær.

Fylgstu með ævintýrum Glowie á glowiemusic.com og á Instagram undir itsglowie.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson** benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Fasteignablaðið

18. TBL. MÁNUDAGUR 6. MAÍ 2019

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

Sigurður Samúelsson Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen Sölustjóri og eigandi
Þórey Ólafsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Andri Sigurðsson Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland Lögg. fast og eigandi
Benedikta Gísladóttir Skjalavinnsla/móttaka
Nadia Katrín Banine Löggiltur fast.
Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggiltur fast.
Eggert Mariuson Löggiltur fast.
Helga Snorradóttir Skrifstofa/skjalavinnsla
Guðrún D. Lúðvíksdóttir Löggiltur fast.
Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir Löggiltur fast.
Siggi Fannar Löggiltur fast.

www.landmark.is

... leiðir þig heim!

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900

Vandað sérbýli með útsýni

Fold fasteignasala, sími 552 1400 kynnir nýtt á skrá, Lindarhvamm 10, 220 Hafnarfirði, glæsilegt og vandað sérbýli á tveimur hæðum auk bílskúrs.

Íbúðin er 156,3 fm og bílskúrinn 54,9 fm, samtals 211,2 fm.

Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu, tvö baðherbergi, eldhús, þvottahús, hol og bílskúr.

Neðri hæð: Flísalögð forstofa með fatahengi. Gestasnyrting með upphengdu salerni.

Efri hæð. Mjög rúmgóð stofa með parketi á gólfum, frá stofu er útgengt á mjög rúmgóðar suðursvalir. Opið eldhús með eyju, AEG-eldavél og keramikhelluborði. Baðherbergi með baðkari, sturtuklefa og upphengdu salerni, flísar á gólfi og veggjum, falleg innrétting. Fjögur svefnherbergi, öll með parketi á gólfum. Frá hjónaherbergi eru svalir með frábæru útsýni til norðurs yfir höfnina.

Góður tvöfaldur bílskúr með rafmagnsopnun. Gólfhiti á baðherbergjum og eldhúsgólfi. Innfelld lýsing á suðursvölum. Ljósum í húsinu er stjórnað með síma. Húsið er byggt 2004 og er einstaklega vel staðsett á rólegum og fjölskylduvænum stað með frábæru útsýni í Hafnarfirði . Stutt er í leikskóla og skóla.

Húsið stendur við Lindarhvamm í Hafnarfirði og stutt er í leikskóla og skóla.

Fallegt útsýni er frá húsinu til norðurs að höfninni í Hafnarfirði.

Nánari upplýsingar hjá Fold fasteignasölu, Sóltúni 20, 105 Reykjavík., fold@fold.is. Sími 552 1400 / utan skrifstofutíma: Einar 893-9132, Viðar 694-1401, Bjarklind 690-5123 og Gústaf 895-7205 www.fold.is

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteignasölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

heimili fasteignasala á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Klapparberg 3, Flott fjölskyldu hús 238fm



Einbýlishús | 7 herbergja. | Bílskúr | 79.9millj.
Gunnlaugur s: 617-5161

Grandavegur 47. 137,9

Eldri borgarar | Mikið útsýni | Bílastæði | Tilboð
Finnbogi s: 895-1098

Tröllakór 3 102 fm



Fjölbýli | 3 svefnherb. | Bílastæði | 43,9M
Brynjólfur s: 896-2953

Breiðavík 18 98,5 fm



Fjölbýli | 3 svefnherb. | Lyftuhús | 42,5M
Brynjólfur s: 896-2953

Hofteigur 44 79,1 m2

Fjölbýli | 2 svefnherb. | sérinngangur | 39,0 millj.
Bogi s: 699-3444

Þórðarsveigur 30 74 m2

Fjölbýli | 1 svefnherb. | Lyfta | 34,9 millj.
Bogi s: 699-3444

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðan 1995



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri
Lögg.fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Úlfar Freyr Jóhansson
Lögfræðingur Hdl.
Lögg. fasteignasali.
Skjalavinnsla
692 6906

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur
og lögg.fasteignasali
694 6166

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm.
fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Sturla Pétursson
Löggiltur
fasteignasali
899 9083

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur
fasteignasali
892-8778

Snorri Snorrason
Löggiltur
fasteignasali
Útibú Höfn Hornafirði
895-2115

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

FÉLAG FASTEIGNASALA

2011 2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Reykjavík – Snæfellsbæ – Höfn Hornafirði | Sími 588 4477 | www.valholl.is

GNÍPUHEIÐI 1. 5.HERB. ÚTSÝNISÍBÚÐ+BÍLSKÚR.

Nánari upplýsingar:
Snorri Snorrason
Lögg. fasteignasali
Sími: 895-2115
snorri@valholl.is

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 6. MAÍ FRÁ KL.17.30 TIL 18.00.
Falleg nýleg 121 fm íbúð á efri hæð, 23,3 fm bílskúr. Sólstofa, suðursvalir, Glæsilegt útsýni austur,suður,vestur. Sérinngangur. Frábær staðsetning í suðurhlíðum Kópavogs. **Verð 58,6 m.**

VESTURBERG - EINBÝLI MEÐ AUKAÍBÚÐ.

Nánari upplýsingar:
Ingólfur Gissurar.
Lögg.fasteignasali
Sími: 896 5222
ingolfur@valholl.is

Opið hús mánudag 6.maí kl.17 - 17,30
Velskipulagt 215 fm einbýlishús m.aukaíbúð m, sérinngangi. 4 svefnherbergi í aðalíbúð, góðar stofur+ eldhús. Heitur pottur. 29 fm endabílskúr. Afhending strax, Aukaíb. er í leigu. **Verð: 74,9 m. Skipti á ód.skoðuð.**

FALLEG 91,9 FM, 3JA HERB. ÍBÚÐ Í KAMBASELI Í BREIÐH.

Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

91,9 FM 3ja herb íbúð á 2- hæð í litlu fjölbýlishúsi við Kambasel í Seljahverfi Breiðholts. Rúmgóðar stofur með útgengi út á suður svalir. Í kjallara er sér geymsla og sér þvottarhús með glugga. **Verð 39,5 milj.** Pantið skoðun hjá Heiðari.

HRÍSRIMI 4RA HERB. 87,6 FM MEÐ BÍLASKÝLI

Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

Í sölu 4ra herb. 87,6 fm með stæði í bílageymslu við Hrísrima 9 í Grafarvogi. Eignin er skráð 3ja herb, 123,2 fm, en hefur verið breytt í 4ra herb, með því að stúkka af hluta af stofu. Íbúðin er 87,6 fm og stæðið í bílageymslu er skráð 35,6 fm. **Verð 37,9 fm**. Laus við kaupsamning. Pantið skoðun hjá Heiðari.

BÁSBRYGGJA, GLÆSIL. 200 FM RAÐHÚS MEÐ 2X BÍLSKÚR

Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

Í sölu glæsilegt 200 fm raðhús á frábærum stað í Bryggjuhverfinu í Reykjavík. Húsið er á þremur hæðum, með tveimur svefnherbergjum. Einstök eign fyrir vandláta sem vilja rými og þægindi. Útsýni er mikilfenglegt til allra átta og nálægð við sjó gefur ævintýralegan blæ. **Verð 81.9 m.**

SKYGGNISBRAUT 16, NÝ 120 FM 5- HERB. MEÐ STÆÐI

Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

Höfum tekið í sölu síðasta áfangann í þessu glæsilega húsi við Skyggnisbraut í Úlfarsárdal. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Íbúðirnar eru tilbúnar við kaupsamning. Úlfarsárdalur er nýjasta hverfi borgarinnar. Eitt af einkennum hverfisins er mikil nánd við náttúruna og í göngufæri við hverfið eru náttúruperlur eins og Úlfarsfellið, Reynisvatn, Hafravatn og Hólmsheiðin. **Verð frá 52,9 m.**

HÁTEIGSVEGUR 14 - TVÆR ÍBÚÐIR. LEIGUTEKJUR

Nánari upplýsingar:
Snorri Snorrason
Lögg. fasteignasali
Sími: 895-2115
snorri@valholl.is

Falleg og rúmgóð 143,2 fm, 5 herbergja sérhæð með sér inngangi ásamt 2ja herb. íbúð í kjallara og geymslum samtals um 240 fm. Sér bílastæði. Frábær staðsetning við miðbæinn. **Ásett verð 83,7 m**

VESTURBERG 107. EINBÝLI MÖGUL.AUKAÍBÚÐ.

Nánari upplýsingar:
Anna F. Gunnarsd.
Lögg. fasteignasali
Sími: 892-8778
anna@valholl.is

Vel skipulagt 214 fm einbýlishús m. bílskúr. Stutt er í alla skóla og þjónustu. AUÐVELT AÐ ÚTBÚA AUKAÍBÚÐ Á NEÐRI HÆÐ MEÐ SÉRINNGANGI. Þarfnast standsetningar að hluta. Eign með mikla möguleika. **Verð 71,8 m.**

HJALLAVEGUR 6 - HÆÐ + BÍLSKÚR

Nánari upplýsingar:
Anna F. Gunnarsd.
Lögg. fasteignasali
Sími: 892-8778
anna@valholl.is

Falleg 81 fm 3-4ra herbergja efri hæð (efsta hæð) í góðu húsi á rólegum stað innvið Sund, ásamt 22 fm bílskúr. Gott útsýni. Frábær staðsetining miðsvæðis. Stutt í skóla, þjónustu og Laugardalinn. Björt og falleg eign. **Verð 44,7 m.**

REYNIMELUR 72 - NÝTT Í SÖLU - LAUS VIÐ KAUPSAMNING

Nánari upplýsingar:
Herdís Hölludóttir
Lögfr. lögg.fast,sali
Sími 694-6166
herdis@valholl.is

Falleg 75.1 fm. 3ja herb. íbúð á 2. hæð á vinsælum stað í Vesturbæ Reykjavíkur. Eignin hefur verið töluvert endurnýjuð í gegnum árin m.a. eldhús og tæki, harðparket, rafmagn, gluggar og gler eftir þörfum. Tengi fyrir þvottavél er í íbúðinni ! **Verð 41.8 m.**

LITLABÆJARVÖR- SJÁVARLÓÐIR - GARÐABÆR/ÁLFTAN.

Nánari upplýsingar:
Herdís Hölludóttir
Lögfr. lögg.fast,sali
Sími 694-6166
herdis@valholl.is

Þrjár vel staðsettar sjávarlóðir í Garðabæ/Álftanesi. Um er að ræða einbýlishúsalóðir 751.9 - 837.6 fm. að stærð. „Nýtingarhlutfall einbýlishúsa er allt að 0.40." . 10% við undirritun samnings, greiðslum svo dreift í áföngum. **Verð: 20.75 m.**

SVEINSKOTSVÖR 1-8 - LÓÐIR - GARÐABÆR/ÁLFTANES

Nánari upplýsingar:
Snorri Snorrason
Lögg. fasteignasali
Sími: 895-2115
snorri@valholl.is

Sjö eftirsóttar lóðir í Garðabæ/Álftanesi. Um er að ræða einbýlishúsalóðir, stærð frá 615.3 - 860.9 fm. „Nýtingarhlutfall einbýlishúsa er allt að 0.40." 10% við undirritun samnings, greiðslum svo dreift í áföngum. **Verð: 15.75 m.**

LAMBHAGAVEGUR 9, NÝTT IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

Við Lambhagaveg 9 er nýtt iðnaðarhúsnæði sem er tilbúið til afhendingar við kaupsamning. Frábær staðsetning, rétt við Bauhaus. **Bilin eru frá 190 fm og er verðið frá 54 ,9 milj.** Pantið skoðun hjá Heiðari sem sýnir atvinnuhúsnæðið.

HÓLAHRAUN - HEKLUBYGGÐ. 30 FM NÝLEGT HEILSÁRSHÚS.

Nánari upplýsingar:
Ingólfur Gissurar.
Lögg.fasteignasali
Sími: 896 5222
ingolfur@valholl.is

Glæsilegt 30 fm heilsárshús á stórru 1,6 ha eignarlóð í landi Svínhaga ca 20 km uppaf Hellu. Undirstöður fyrir 15 fm gestahús. Góð verönd á 3 vegu. Einstök og falleg náttúra, nokkur skref að Ytri Rangá. Varmadæla í húsinu:Hagst rekstur. **Verð 10,9 m.**

GLÆSIHÚS VIÐ BIFRÖST BORGARFIRÐI - ÚTSÝNI.

Nánari upplýsingar:
Ingólfur Gissurar.
Lögg.fasteignasali
Sími: 896 5222
ingolfur@valholl.is

Glæsilegur 85,3 fm heilsárshús á frábærum útsýnisstað við Grábrók. Hitavieta, Gólfhiti, heitur pottur, bomanit verönd, 3 svefnherb. fallegar innr. Leyfi fyrir 21 fm gestahúsi. Glæsil.útsýni Skarðsheiði, Hafnarfjall, Baulu, Norðurárdal og fl. **Verð 29,9 m.**

Valhöll fasteignasala | Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
- Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 - 2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fast-eignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fast-mark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fast-mark.is

Strikið – Sjálandi Garðabæ / Naustavör – Bryggjuhverfið Kópavogi. Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu. Leitið upplýsinga á skrifstofu.

Fáfnisnes – Skerjafirði.

- 243,7 fm. einbýlishús við Fáfnisnes í Skerjafirði að meðtöldum tvöföldum bílskúr. Kjallari er undir hluta hússins sem er ekki skráður inn í fermetra-tölu hússins.
- Setustofa með aukinni lofthæð og stórum gluggum til suðvesturs. Rúmgott eldhús með góðum borðkrók. Borðstofa er staðsett við hlið eldhúss. Fimm herbergi. Gufubað innaf þvotta-herbergi.
- Lóðin er 628,0 fm. að stærð, ræktuð og frá-gengin með fallegum gróðri.

Húsið er teiknað af Þorvaldi Þorvaldssyni arkitekt og er það í svokölluðum síðfúnkisstíl. Eignin fékk fegurðarverðlaun Reykjavíkur-borgar fyrir byggingarlist árið 1970.

Verð 119,0 millj.

Austurfold. Vel staðsett einbýlishús við opið svæði.

- Virkilega fallegt 273,3 fm. einbýlishús með 5 svefnherbergjum á 1.112 fm. lóð við opið svæði þaðan sem nýtur einstaks útsýnis yfir höfuð-borgarsvæðið, að Snæfellsjökli, Esjunni og víðar.
- Mjög mikil lofthæð er í stórum hluta hússins, m.a. í stofum, holi og sjónvarpsholi. Íbúðarrými hússins er allt á efri hæð, en bílskúr og geymsla eru á neðri hæð hússins.
- Setustofa með arinstæði. Sjónvarpsstofa með ofanbirtu. Fimm herbergi. Baðherbergi nýlega endurnýjað.
- Viðarverönd til austurs fyrir framan hús og önnur stærri til suðurs og vesturs útaf stofum. Að hluta til er lóðin villt og viðhaldsfrí.

Verð 89,9 millj.

Klapparstígur 1 – 2ja herbergja íbúð á 8. hæð.

Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Vel skipulögð 2ja herbergja íbúð með svölum til vesturs á 8. hæð í þessu eftirsótta húsi við Klapparstíg 1. Sér bílastæði í bílageymslu. Sam-eiginlegt þvottaherbergi á hæðinni með þremur íbúðum.
- Svefnherbergi með gólfsíðum gluggum. Stofa með fallegu útsýni. Opið eldhús við stofu með stórum gluggum.
- Húsvörður er í húsinu. Eignin er laus til af-hendingar nú þegar.

Staðsetning eignarinnar er virkilega góð í hjarta miðborgarinnar.

Verð 36,9 millj.

Galtalind 4 – Kópavogi. 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr.

Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Falleg 125,1 fm. íbúð á 3. hæð í vel við höldnu fjölbýlishúsi við Galtalind. Íbúðinni fylgir 23,9 fm. bílskúr.
- Stórar flísalagðar svalilr sem snúa til suðurs og vesturs. Útgengi er á svalir bæði frá stofu og eldhúsi.
- Rúmgóð stofa með gluggum til suðurs og vesturs. Stofan rúmar vel borðstofu og setu-stofu.

Opið sjónvarpsrými. 3 herbergi, öll með skápum. Flísalagt baðherbergi með glugga. **Húsið er staðsett á afar barnvænum stað örstutt frá leikskóla og grunnskóla.**

Verð 64,9 millj.

Ránargata 3. Góð 3ja herbergja íbúð á efstu hæð.

Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 84,7 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í steinsteyptu þríbýlishúsi við Ránargötu.
- Baðherbergi er með glugga og er nýlega endur-nýjað og eldhúsinnrétting er tiltölulega nýleg með nýjum tækjum. Rúmgóð stofa með tvöfaldri rennihurð við eldhús.
- Lóðin er ræktuð, afgirt baklóð.

Verð 43,5 millj.

Galtalind 14 – Kópavogi. 3ja herbergja íbúð með gluggum í þrjár áttir.

Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.15– 17.45

- Falleg 102,6 fm. íbúð á 1. hæð að meðtalinni sér geymslu. Svalir eru til suðvesturs og gluggar eru í þrjár áttir.
- Rúmgóð og björt stofa. Eldhús með eikarinnrétt-ingum. Þvottaherbergi innan íbúðar. Tvö rúmgóð herbergi, bæði með fataskápum.
- Eignin stendur á mjög fallegum stað innst í götu við opið svæði og útsýnis nýtur frá eigninni.

Staðsetning eignarinnar er virkilega góð innst í götu við opin svæði.

Verð 49,9 millj.

Brávallagata 12. 4ra herb. íbúð auk stúdíóíbúðar í risi.

- Björt og falleg 140,4 fm. eign við Brávallagötu 12 í Reykjavík, sem samanstendur af mikið upp-gerðri 4ra herbergja íbúð á 3. hæð með svölum til suðurs og stúdíóíbúð í risi auk íbúðarherbergis í kjallara, sér geymslu á baklóð og sér geymslu í kjallara þar sem allar lagnir eru til staðar fyrir salerni.
- Íbúð á 3. hæð sem er skráð 102,0 fermetrar að stærð að meðtöldu íbúðarherbergi í kjallara er öll nýlega endurnýjuð á vandaðan og smekklegan máta og er í góðu ástandi.
- Íbúð í risi er skráð 29,0 fermetrar, en er að miklum hluta undir súð og gólfflötur því stærri og skiptist í gang, eldhús, baðherbergi og alrými sem í eru svefnherbergi og stofa.

Verð 74,9 millj.

Völvufell 46. 4ra herbergja íbúð á efstu hæð.

Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Mikið endurnýjuð 109,4 fm. íbúð á 4. hæð við Völvufell í Breiðholti. Búið er að endurnýja eldhús, baðherbergi og hluta gólfefna. Svalir eru yfir-byggðar og upphitaðar.
- Stofa rúmar vel setustofu og borðstofu og er með góðum gluggum til austurs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Þrjú herbergi.
- Húsið er klætt með álklæðningu og búið er skipta um alla glugga og gler. Sameign er snyrtileg.

Verð 36,9 millj.

Vatnsstígur 22. Glæsileg 3ja herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15– 17.45

- Afar glæsileg 137,0 fm. útsýnisíbúð á 1. hæð að meðtalinni sér geymslu við Vatnsstíg 22. Sérstæði í bílageymslu. Sameign með tveimur lyftum. Húsvörður.
- Íbúðin er öll innréttuð á virkilega vandaðan og smekklegan hátt. Vandaðar innréttingar og tæki í eldhúsi.
- Stofa er opin við borðstofu og eldhús. Eldhús með stórri eyju. Tvö herbergi með gólfsíðum gluggum. Hvíttað eikarparket á gólfum.
- Glæsilegt útsýni m.a. út á sundin, Akrafjall og Skarðsheiði.

Verð 79,8 millj.

Sléttahraun 34 - Hafnarfirði. 3ja herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Góð 96,8 fm. íbúð á 4. hæð, efstu hæð, að meðtalinni sér geymslu í góðu fjölbýlishúsi við Sléttahraun í Hafnarfirði.
- Rúmgóð stofa með útgengi á svalir til suðvest-urs. Tvö herbergi. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar. Nýleg innrétting og tæki í eldhúsi og búið er að endurnýja glugga og gler ásamt svalahurð.

Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla, leik-skóla og ýmsa þjónustu.

Verð 36,9 millj.

EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
s. 824 9093

Guðmundur Sigurjónsson
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali

Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
s. 864 5464

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
s. 899 1882

Magnea S. Sverrisdóttir
MBA, löggiltur fasteignasali
s. 861 8511

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
s. 824 9098

Brynjar Þ. Sumarliðason
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
s. 896 1168

Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
s. 824 9096

SKAFTAHLÍÐ 20
105 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Um er að ræða 4 herbergja íbúð á 3.hæð (efstu hæð) með tvennum svölum á góðum stað í hlíðunum. Skipt var um glugga í íbúðinni og í sameign 2017. Stutt í skóla, leikskóla, þjónustu-, íþrótta- og útivistarsvæði. **V.54,9 m**
Opið hús mánudaginn 6. maí milli kl. 17:00 og kl. 17:30
Nánari uppl. Ármann Þór Gunnarsson lg.fs. 847 7000, armann@eignamidlun.is

SKILDINGANES 40
101 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN





306.6 fm glæsilegt einbýlishús á sjávarlóð með einstöku útsýni. Um er að ræða arkitektahannað frábærlega vel staðsett hús. Sérhannaðar innréttingar. Parket og flísar. Innbyggð vönduð lýsing. Húsið var teiknað og hannað af Davíð Kristjáni Pitt, Svölu Lárusdóttir og Kristjáni Garðarssyni.
Nánari upplýsingar veita: Sverrir Kristinsson lg.fs. s. 861 8514, sverrir@eignamidlun, Kjartan Hallgeirsson, lg.fs. s. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is,

VIÐARRIMI 9
112 REYKJAVÍK

BÓKIÐ SKOÐUN

163.1 fm einbýlishús á einni hæð í grónu hverfi í Grafarvogi með innbyggðum bílskúr sem er skráður 22,9 fm. Mjög gott skipulag. Þrjú góð svefnherb. Rúmgóð stofa. Góðar innréttingar. Timburverönd til suðurs. Einstaklega skjólsæll staður. **V. 73,9 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

BAUGHÚS 20
112 REYKJAVÍK

BÓKIÐ SKOÐUN

161.6 fm 4 herb. íbúð með bílskúr, heitum potti og miklu útsýni. Eignin skiptist í: Forstofu, þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi og bílskúr. **V.69,9 m**
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is, Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is

GRETTISGATA 60
101 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS

Virkilega björt og falleg 35,1 fm. mikið uppgerð tveggja herbergja íbúð. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **V. 29,9 m**
Opið hús mánudaginn 6. maí milli kl. 17:00 og kl. 17:30
Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lg. fs s. 896 1168, bryjnar@eignamidlun.is

ÞÓRSGATA 21
101 REYKJAVÍK

BÓKIÐ SKOÐUN

Góð 81.9 fm 3ja herb. íbúð á jaðhæð. Parket á gólfum,baðherbergi með sturtu. Eldhúsið er með viðarinnréttingu. **V. 42,9 m**
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg. fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is

BALDURSGATA 22
101 REYKJAVÍK

BÓKIÐ SKOÐUN

Mjög góð 58,9 fm 3 herb. íbúð í miðborginn. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Stofa og tvö herbergi. Skjólgóðar og sólríkar svalir. Mjög góð staðsetning skammt frá miðbæ Reykjavíkur. **V. 40,5 m**
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is

ÁLFHEIMAR 46
104 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS

111.4 fm 4 herb. íbúð á 4.hæð. Nýtt baðherbergi, endurnýjað eldhús, nýtt á gólfum, nýjar raflagnir og fl. Gott útsýni. Góð sameign. Húsið teiknaði Sigvaldi Thordarson **V. 49,5 m**
Opið hús mánudaginn 6. maí milli kl. 17:00 og kl. 17:30
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

STAKKHOLT 2A
105 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS

Góð tveggja herbergja 72,9 fm íbúð á 4. hæð í nýlegu lyftuhúsi við Stakkholt ásamt stæði í bílageymslu. 6,7 fm svalir með útsýni til norðurs. Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega. **V. 44,9 m**
Opið hús þriðjudaginn 7. maí milli kl. 17:00 og kl. 17:30
Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lg. fs s. 896 1168, bryjnar@eignamidlun.is

FURUGERÐI 13
108 REYKJAVÍK

BÓKIÐ SKOÐUN

93,3 fm 4ja herbergja íbúð á þessum frábæra stað þar sem stutt er í alla almenna þjónustu, skóla og samgöngur. Laus við kaupsamning. **V. 47,0 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

60 ÁRA

FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

Guðbjörg Matthíasdóttir
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
s. 588 9090

Ármann Þór Gunnarsson
Löggiltur fasteignasali
s. 847 7000

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
s. 862 1110

Hreiðar Levy Guðmundsson
Nemi til lögg. fast.sala
s. 661 6021

Jenný Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri

Ásdís H. Júlíusdóttir
Ritari

María Guðrún Waltersdóttir
Móttökuritari

Sesselja K. Sigurðardóttir
Skjalavinnsla/ auglýsingar

VÍÐIMELUR 53
107 REYKJAVÍK

Þriggja herbergja íbúð með bílskúr og geymslulofti í risi á vinsælum stað við miðbæ Reykjavíkur. Eigninni fylgir sérafnotaréttur af bílastæði og innkeyrslu fyrir framan bílskúrinn. **V. 43,9 m**
Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is

BREKKUSEL 2
109 REYKJAVÍK

Erum með í sölu 272,5 fm raðhús á þremur hæðum með bílskúr. Húsinu hefur verið skipt upp í þrjár sjálfstæðar íbúðir. Húsið var tekið töluvert í gegn árið 2015. Gott hús sem auðvelt er að breyta aftur í stórt fjölskyldhús. **V. 89,9 m**
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is

GERPLUSTRÆTI 17-23
230 MOSFELLSBÆR

Nýjar og glæsilegar 2ja til 5 herbergja fullbúnar íbúðir. Stæði í bílgeymslu fylgir öllum íbúðum. **Verð frá 39,9 m.**
Afhending í júlí - ágúst.
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is

JÖKLAFOLD 41
112 REYKJAVÍK

136.8 fm 4 herb. íbúð með bílskúr og tvennum svölum í barnvænu hverfi. Eignin skiptist í forstofu , 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og bílskúr. **V. 48,9 m**
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is

LAUFENGI 29
112 REYKJAVÍK

Um er að ræða glæsilega 79.5 fm 3ja herbergja íbúð ásamt stórum og góðum sólpalli sem snýr til suðvesturs. Stutt er í alla almenna þjónustu. **V. 38,9 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

ÞÓRSBERG 4
221 HAFNARFJÖRÐUR

6 herbergja einbýlishús á einstaklega góðum útsýnisstað í Hafnarfirði. Talsvert endurnýjuð eign. Stór bílskúr. Mikið útsýni, til afhendingar við kaupsamning, **V. 99,5 m.**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

SJAFNARBRUNNUR 11-15
113 REYKJAVÍK

230.5 fm 5 herbergja miðraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsunum verður skilað fullbúnum að utan með tilbúinni lóð og tilbúið til innréttingar að innan. **V. 74,5 m**
Opið hús þriðjudaginn 7. maí milli kl. 17:00 og 17:30
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg. fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is

KRISTNIBRAUT 99
113 REYKJAVÍK

110.7 fm fallega og vel skipulagða 4 herbergja endaíbúð á fjórðu og efstu hæð í lyftuhúsi á vinsælum stað í Grafarholtinu. Mikið og glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, svalir snúa til vesturs og suður. **V. 47,9 m**
Nánari uppl. Hreiðar Levý Guðmundsson s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is, Þórarinn M. Friðgeirsson, lg.fs. s. 899 1882

HLÍÐARHJALLI 55
200 KÓPAVOGUR

3ja herb. 81,4 fm endaíbúð á 2. hæð í einstaklega vel staðsettu litlu fjölbýli í suðurhlíðum Kópavogs. Endurnýjað eldhús, mjög gott útsýni. Tvö svefnherbergi. Snyrtileg sameign. **V. 36,9 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

GULLSMÁRI 4
201 KÓPAVOGUR

Góð og velskipulögð 86.1 fm 4 herbergja íbúð á 2. hæð. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, búr/þvottahús, baðherbergi og sérgeymslu í kjallara. **V. 45,9 m**
Opið hús mánudaginn 6. maí milli kl. 17:00 og 17:30
Nánari uppl. Hreiðar Levý Guðmundsson s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is, Þórarinn M. Friðgeirsson, lg.fs. s. 899 1882

LÆKJARBREKKA 49
SUMARHÚS - 801 SELFOSS

Glæsilegur sumarbústaður í Grímsnes og Grafningshreppi. Húsið er bjálkahús 97,2 fm að stærð á steyptum sökkli og er steypt plata og hiti í gólfi. Húsið er hæð og ris. 4 svefnherbergi. Kamína, heitur pottur og góð verönd. **V. 28,9 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

FUNAHÖFÐI 17A - ATVINNUH.
110 REYKJAVÍK

102.7 fm atvinnuhúsnæði á mjög góðum stað á Höfðanum. Jarðhæð. Ágætar innkeyrsludyr. Snyrting, kaffistofa og skrifstofurými. Hentar vel fyrir smáiðnað eða sem lager/ geymsluhúsnæði. **V. 27,9 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

EDENBYGGÐ
HVERAGERÐI

Edenbyggð er nýtt íbúðahverfi við göturnar í Aldinmörk í Hveragerði. 63-80 fm tvegggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir.
V. frá 28,9 m.
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is, Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is,

Ásdís Ósk
Eigandi
Löggiltur fasteignasali
863-0402
asdis@husaskjol.is

Auðun Ólafsson
Löggiltur fasteignasali
og viðskiptafræðingur
894-1976
audun@husaskjol.is

Sveinbjörn Rosén Guðlaugsson
lögfræðingur og löggiltur
fasteignasali
848-0783
sveinbjorn@husaskjol.is

Dominika Madajczak
Pólskur túlkur /
Tłumacz jezyka
islandzkiego
dominika@husaskjol.is

Guðbrandur Kristinn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
896-3328
gudbrandur@husaskjol.is

Sigrún Eva Ármannsdóttir
Eigandi
MBA og nemi til löggildingar
820-3090
sigruneva@husaskjol.is

Húsaskjól
fasteignasala

Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi, sími: 519 2600
www.husaskjol.is • husaskjol@husaskjol.is • www.facebook.com/husaskjol

Tölurnar tala sínu máli

Annar mánuðurinn í röð hjá Húsaskjóli þar sem tæp 90% seldra eigna seldust innan 30 daga

Eingöngu 11% af íbúðum á höfuðborgarsvæðinu seljast á 30 dögum eða minna samkvæmt skýrslu Íbúðalánasjóðs

Verður þín eign ein af þeim í maí?
Ef þú vilt að þín eign seljist hratt og vel, hafðu þá samband og við sjáum um rest.

Húsnæði til leigu að Lyngási 15, Garðabæ

Til leigu lagerhúsnæði 533 m2 gólfflötur, 323 m2 milliloft. Mikil lofthæð.

Mjög gott skrifstofuhúsnæði, 45 m2, á annari hæð með útsýni yfir Reykjavík, næg bílastæði.

Upplýsingar í síma 860 1119

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 - 2017
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skaptason
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasala
Sími: 616 1313

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur fasteignasali

Suðursalir 8
201 Kópavogur

Nánari upplýsingar veita:
Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali
atli@miklaborg.is **sími:** 899 1178

Snyrtilegt og mjög vel skipulagt parhús á einni hæð
Staðsett í botnlanga rétt ofan við Salaskóla
Stórt og opið stofu og eldhúsrými með góðri lofthæð
3 svefnherbergi, gott baðherbergi og sér þvottahús
Sólríkur garður með stórri verönd og geymsluskúr

Tengdur aðili leitar að raðhúsi, parhúsi eða íbúð í 201 Kópavogi með 3-4 svefnherbergi, sér inngangi og bílskúr, má vera á tveimur hæðum

Tilboð óskast

Faldarhvarf 11-13
Vatnsenda - 203 Kópavogur

Glæsilegt parhús að stærð 181 fm
Tveggja hæða
Afhendist fullbúið að utan,
tilbúið fyrir tréverk að innan
Gróðjöfnuð lóð
Fallegt umhverfi, Heiðmörk og Elliðavatn
Afhending nóv. 2019

Nánari upplýsingar veitir:
Jórunn Skúladóttir, lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð : **74,5 millj.**

Jöklafold 43
112 Reykjavík

OPIÐ HÚS
mánudaginn 6. maí kl. 17:30 - 18:00

Falleg 3ja herbergja íbúð ásamt góðum bílskúr
Íbúðin er 88 fm og bílskúrinn 20,5 fm
Björt stofa og fallegur eldhúskrókur
Góð þvottaaðstaða á baði
Tvö svefnherbergi með góðu skápaplássi

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir, lögg. fasteignasali
thorunn@miklaborg.is **sími:** 773 6000

Verð : **42,9 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

sími
569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

OPIÐ HÚS
mánudaginn 6. maí kl. 17:00-17:30

Skipholt 11-13
105 Reykjavík

íbúð 301

Til sölu glæsileg 81,7 fm nýleg 2ja herbergja endaíbúð

Íbúðin er á 3. hæð og er glæsilega innréttuð

14,3 fm suðursvalir út frá stofu

Íbúðin er laus við kaupsamning

Nánari upplýsingar veitir:
Svan G. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300

Verð: **42,9 millj.**

OPIÐ HÚS
þriðjudaginn 7. maí kl. 17:00 - 17:30

Stórholt 17
105 Reykjavík

Falleg, vel skipulögð og mikið endurnýjuð 115,2 fm 6 herb. hæð og ris við Stórholt 17. Nýtanlegir gólffermetrar eru fleiri þar sem að risið er að hluta til undir súð. Eignin telur 4 svefnherbergi, tvær stofur, baðherbergi, eldhús, geymslu og sér þvottahús. Bæði húsið og íbúðin hafa verið tekin í gegn á síðustu árum. Húsið er nýlega steinað, nýtt rafmagn, nýtt skólp, búið að skipta um flesta glugga. Sérbílastæði á lóð.

Nánari upplýsingar veitir:
Páll Þórólfsson lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is **sími:** 893 9929

Verð: **58,9 millj.**

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 8. maí kl. 17:00 - 17:30

Strandvegur 16
210 Garðabæ

Einstaklega björt og falleg íbúð á 3. og efstu hæð.

Mikil lofthæð, gólfsíðir gluggar og fallegt útsýni. Vandaðar innréttingar og gólfefni, sólríkar svalir. Gott alrými og innfelld lýsing. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu.

Nánari upplýsingar veita:
Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali
KÖRFUBOLTI KR er Íslandsmeistari í körfubolta árið 2019 eftir 98-70 sigur á ÍR í oddaleik um titilinn á laugardaginn. Þetta er 18. titill KR sem er komið eitt í efsta sætið yfir flesta meistaratitla og tók með því fram úr Njarðvík. Þá er KR fyrsta körfuboltaliðið til að vinna sex titla í röð. Á sama tíma lengist 42 ára bið ÍR eftir meistaratitli um eitt ár hið minnsta en ljóst er að Breiðhyltingar hafa úr nógu að moða fyrir næsta ár eftir þetta tímabil.

Alls var þetta sjöundi titill KR síðustu tólf ár og kom eftir sigur í oddaleik á heimavelli í þriðja skiptið á síðustu tíu árum. KR-liðið virðist þrífast best í sviðsljósinu og sýndi á löngum köflum allar sínar bestu hliðar um helgina gegn ÍR. Breiðhyltingum tókst að halda í við KR í upphafi leiksins en KR með Michele Di Nunno fremstan í flokki náði góðu forskoti í öðrum leikhluta og stakk af í þeim þriðja. Það fór svo að KR var búið að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í upphafi fjórða leikhluta og reynslumiklu liði KR tókst að halda liði ÍR vel í skefjum.

ÍR varð fyrir áfalli í aðdraganda leiksins þegar það kom í ljós að Kevin Capers, besti leikmaður liðsins var handleggsbrotinn. Hann þurfti því að fylgjast með í borgaralegum klæðum af varamannabekknum í gær. Fyrir vikið hvarf mikil ógn úr sóknarleik ÍR og reyndist fjarvera hans ÍR dýr.

„Auðvitað er maður svekktur en á sama tíma er ég afar stoltur af strákunum. Ef maður talar frá hjartanu erum við ekki með besta leikmannahópinn en samt vorum við einum leik frá því að vinna titilinn. Við söknuðum Kevins í kvöld, lykilmennirnir okkar þurftu að spila meira en ég hefði kosið og það tók á. Heilt yfir var þetta gott tímabil, frá því að ég tók við liðinu fyrir fjórum áðan síðan höfum við tekið eitt skref í einu í rétta átt og ég er spenntur fyrir því að ræða við stjórnina og undirbúa næsta tímabili," sagði Borce Ilievski, þjálfari ÍR, að leikslokum.

> **Það var auðvitað meiri pressa fyrir þetta tímabil, að taka við fimmföldum meisturum og eiga að halda því áfram.**
>
> Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari KR

> **Heilt yfir var þetta gott tímabil, frá því að ég tók við liðinu fyrir fjórum árum höfum við tekið eitt skref í einu í rétta átt.**
>
> Borce Ilievski, þjálfari ÍR

Meiri pressa í ár

Gleðin skein úr augum Inga Þórs Steinþórssonar, þjálfara KR, í leikslok. Hann tók við uppeldisfélaginu sínu af Finni Frey Stefánssyni síðasta sumar og voru það ansi stórir skór að fylla í. Þetta var annar meistaratitill Inga Þórs með KR-liðið, nítján árum eftir að hann gerði KR að meisturum í fyrsta sinn sem þjálfari.

„Það er eins og að bera saman epli og appelsínur, maður getur ekki gert upp á milli barnanna sinna," sagði Ingi Þór glaðbeittur þegar Fréttablaðið bað hann um að bera saman titlana tvo.

„Þegar ég vinn fyrsta titilinn með KR árið 2000 var ég ungur strákur sem var búinn að gera ágætlega með yngri lið í KR. Ég var óskrifað blað hvað ég gæti gert í meistaraflokki en í dag þekkir maður reynsluna af því að vinna titla og tapa þeim. Maður lærir mikið af því að tapa leikjum. Það var auðvitað meiri pressa fyrir þetta tímabil, að taka við fimmföldum meisturum og eiga að halda því áfram. Það er allt öðruvísi en að koma inn og hafa engu að tapa eins og fyrir nítján árum síðan."

Aðspurður sagðist Ingi lítið hafa hugsað út í þá pressu sem fælist í því að taka við liði KR síðasta sumar eftir fimm meistaratitla í röð.

„Þegar ég hugsa út í það núna þá, ómeðvitað, velti ég mér ekkert upp úr þessu þegar ég tók við. Við töluðum aldrei um þessa pressu, maður veit af þessari kröfu og lönguninni hjá KR en við framkvæmdum bara hluti og töluðum um það sem skipti máli," sagði Ingi sem sagði þakklæti koma fyrst upp í hugann þegar hann var beðinn að lýsa tilfinningunni.

„Það er erfitt að lýsa þessu, það er fyrst og fremst þakklæti til allra sem komu að þessu og þessi tilfinning er komin til að vera í smá tíma."

KR liðið var lengi af stað og bjuggust eflaust ekki margir við því í febrúar að meistararnir myndu endurtaka leikinn um vorið.

„Það voru miklar breytingar á liðinu, það voru menn að koma seint inn og við skiptum um erlendan leikmann á meðan önnur lið voru búin að fullmóta liðið sitt. Sem betur fer er mikill þroski, mikil reynsla og margir leiðtogar í liðinu og okkur tókst að finna lausnina sem við vorum að leita að."

KR ákvað um mitt tímabil að sækja Michele Di Nunno í stað Dino Stpcic. Di Nunno fór á kostum í oddaleiknum og réðu ÍR-ingar ekkert við hann.

„Hann kom með það sem okkur vantaði, bæði til að bera boltann upp og til að geta skotið ljósin út þegar það þurfti. Við þurftum að hafa smá taumhald á honum en hann nýttist okkur afar vel. Hann er ákveðinn X-factor sem getur búið til sitt eigið skot," sagði Ingi sem var ánægður að fá framlag frá flestum leikmönnum liðsins.

„Alla úrslitakeppnina voru það einhverjir leikmenn sem áttu stóra leiki. Emil var frábær um helgina, Finnur, Helgi og Björn áttu sína leiki þar sem þeir gerðu gæfumuninn. Jón Arnór átti sigurkörfu í Keflavík og Pavel var með varnartilþrif í einvíginu gegn Keflavík. Svo setti Kristófer niður stór víti í fjórða leik gegn ÍR. Þetta small allt saman og það er ástæða þess að KR er meistari. Svo má ekki gleyma þeim sem voru ekki á gólfinu allan tímann, menn eins og Sigurður Þorvaldsson með alla sína reynslu sem kom með góða punkta. Það er erfitt fyrir þessa keppnismenn að sætta sig við lítið hlutverk en þeir tóku því með sæmd," sagði Ingi sem hrósaði þeim sem komu að körfuboltanum í KR.

„Orkan í húsinu, einbeitingin hjá mönnum og undirbúningurinn hjá öllum, frá þjálfarateymi til stjórnarinnar, það var allt upp á tíu. Hér hafa menn gert þetta áður og það var ró yfir mannskapnum í staðinn fyrir stress þrátt fyrir aðstæður. Það er búið að skapa að sterka hefð hjá KR." **kristinnpall@frettabladid.is**

Byrjendamistök að tilkynna það snemma að ég væri að hætta

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson, einn af bestu körfuboltamönnum Íslands frá upphafi, var að vinna sinn fimmta titil með uppeldisfélaginu um helgina þegar KR tryggði sér sautjánda Íslandsmeistaratitilinn með 98-70 sigri á ÍR.

Þetta var sjötti meistaratitill KR í röð og sá þriðji í röð hjá Jóni Arnóri sem kom aftur heim til Íslands árið 2016 eftir farsælan feril erlendis.

KR átti erfitt uppdráttar í deildarkeppninni þar sem liðið lenti í fimmta sæti en í úrslitakeppninni sýndi það allar sínar bestu hliðar á leið sinni að meistaratitlinum.

„Mér fannst við verða betri eftir því sem leið á úrslitakeppnina. Við vorum með bakið upp við vegg þrisvar í úrslitakeppninni, fórum í tvo erfiða útileiki í Breiðholtið eftir að hafa tapað heimaleikjunum, það var erfitt andlega. Þá fannst mér við stíga upp og við fundum gæðin og stemminguna í liðinu. Það var ekki sama orka og gæði í okkar spilamennsku í fyrstu tveimur leikjunum í DHL-höllinni og þeir áttu fyllilega skilið sigrana hérna en við sýndum kraftinn hérna í dag," sagði Jón Arnór og bætti við.

„Það kom í ljós, sérstaklega í fjórða leikhluta hvað reynsla er dýrmæt á þessu stigi. Ég held að ekkert lið hefði stöðvað okkur í þessum ham."

Jón Arnór gaf það út í upphafi tímabils að þetta yrði hans síðasta hér á Íslandi. Hann lagði landsliðsskóna á hilluna fyrr á árinu en segir að það hafi verið mistök að tilkynna það snemma að hann væri að hætta.

„Það var ákveðið hugsunarleysi, í raun algjör byrjendamistök að tilkynna þetta svona," sagði hann hlæjandi og hélt áfram:

„Ég á eftir að hugsa minn gang. Það er auðvitað erfitt að hætta, sérstaklega eftir titil. Ég tek mér tíma núna í að fagna þessu og sé svo til hvernig mér líður, bæði andlega og líkamlega. Ég er náttúrulega farinn að eldast og það er farið að hægjast á mér. Ég á erfitt með að sætta mig við það en ef ég næ því þá gæti vel verið að ég taki eitt ár í viðbót," sagði Jón sem jánkaði því að hann gæti farið að klæja í lófana í ágúst að halda áfram.

„Mjög líklega, já. Þegar ég hugsa til þess hljómar það vel en það er margt sem þarf að huga að. Þetta er búið að vera langur tími frá fjölskyldunni, það er leiðinlegt að vera alltaf frá á æfingu á matartíma en þau fá örugglega leiða á mér þegar maður hættir þessu. Við verðum bara að sjá til," sagði Jón glaðbeittur að lokum. **– kpt**

Jón Arnór fékk að lyfta bikarnum sem fyrirliði KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

+PLÚS

Enginn afsláttur

Reykjavik CrossFit Championship fór fram í fyrsta sinn um helgina. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, smellti af þessum myndum frá lokaþrautinni.



FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

6. MAÍ 2019 MÁNUDAGUR

Merkisatburðir

1682 Loðvík XIV, konungur Frakklands, flytur hirð sína til Versala.

1757 Enska ljóðskáldið Christopher Smart er skráður inn á St. Luke's-sjúkrahúsið fyrir geðveika í London.

1877 Indíánahöfðinginn Óði Hestur gefst upp í Nebraska fyrir hermönnum Bandaríkjastjórnar.

1889 Eiffelturninn er formlega opnaður fyrir almenning á Heimssýningunni í París.

1910 George V. tekur við sem konungur Englands eftir andlát föður síns, Játvarðs VII.

1937 Þýska loftskipið Hindenburg verður alelda á svipstundu í Lakehurst í New Jersey og 36 láta lífið.

Hindenburg.

1940 John Steinbeck fær Pulitzer-verðlaunin fyrir skáldsögu sína Þrúgur reiðinnar.

1942 Síðustu herdeildir Bandaríkjamanna á Filippseyjum gefast upp fyrir Japönum í heimsstyrjöldinni síðari.

1960 Yfir 20 milljónir manna horfa á fyrstu beinu sjónvarpsútsendinguna af konunglegu brúðkaupi er Margrét prinsessa og Anthony Armstrong-Jones ganga í hjónaband í Westminster Abbey á Englandi.

1976 Á bilinu 900 til 978 farast og 1.700 til 2.400 slasast í geysihörðum jarðskjálfta á Norður-Ítalíu.

1983 Meintar dagbækur Hitlers eru afhjúpaðar sem svindl eftir rannsóknir sérfræðinga.

1988 Allir 36 farþegar og áhöfn farast er flugvél hrapar í fjallinu Torghatten á Brønnøy í Noregi.

1994 Elísabet II Englandsdrottning og François Mitterrand, forseti Frakklands, eru viðstödd opnun ganganna undir Ermarsund.

1996 Lík Williams Colby, fyrrverandi forstjóra CIA, finnst á árbakka í Maryland átta dögum eftir að hann hvarf.

Jóhannes Páll II páfi.

2001 Jóhannes Páll II verður fyrsti páfinn til að stíga inn í mosku múslima í heimsókn í Sýrlandi.

2002 Hollenski stjórnmálamaðurinn Pim Fortuyn er ráðinn af dögum eftir útvarpsviðtal.

2013 Þrjár konur sem saknað hafði verið í meira en áratug koma í leitirnar á lífi í borginni Cleveland í Ohio í Bandaríkjunum.

Pia Hansson, forstöðukona Alþjóðamálastofnunar, afhendir Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra úttektina. FRÉTTABLAÐIÐ/

Ánægður með framgang tillagna frá Stoltenberg

Gerð hefur verið úttekt á afdrifum tillagna Stoltenberg-skýrslunnar um norrænt samstarf í utanríkis- og varnarmálum. Skýrslan, sem kom út fyrir tíu árum, markaði tímamót. Utanríkisráðherra segist vona að úttektin verði leiðarljós að aukinni samvinnu.

UTANRÍKISMÁL „Skýrsla Thorvalds Stoltenberg markaði veruleg tímamót í norrænu samstarfi á sínum tíma og í tilefni af tíu ára afmæli skýrslunnar taldi ég tímabært að meta hverjum af tillögunum var hrint í framkvæmd, í heild eða að hluta," segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra um nýja úttekt á Stoltenberg-skýrslunni svokölluðu.

Skýrslan fjallar um norræna samvinnu á sviði utanríkis- og varnarmála og þar voru settar fram þrettán tillögur um nánara samstarf Norðurlandanna.

„Það er ánægjulegt að sjá hve margar af framsæknum tillögum Stoltenbergs hafa verið framkvæmdar, þar með taldar tillögur um norrænt loftrýmiseftirlit við Ísland og aukna samvinnu utanríkisþjónusta Norðurlandanna," segir Guðlaugur Þór.

Nú fari í hönd frekari umfjöllun um úttektina og segist Guðlaugur Þór binda vonir við að hún geti orðið leiðarvísir um frekari skref í aukinni norrænni samvinnu á sviði utanríkis- og varnarmála. Samkvæmt úttektinni hefur lítill eða enginn árangur náðst varðandi þrjár tillögur. Einhver árangur, mismikill þó, hefur náðst þegar kemur að tíu tillögum.

Það voru alþjóðamálastofnanir á Norðurlöndunum fimm sem unnu úttektina. Pia Hansson, forstöðukona Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, er meðal þeirra sem unnu úttektina.

„Það kemur á óvart hvað skýrslan hafði mikla þýðingu fyrir Ísland. Þegar Stoltenberg kynnir skýrsluna fyrir 10 árum þá erum við á Íslandi að skoða okkar varnarmál upp á nýtt. Þetta er fljótlega eftir að Bandaríkjaher er farinn og það mætti segja að skýrslan hafi sett Ísland á kortið í samhengi við norræna samvinnu í varnar- og öryggismálum," segir Pia.

Kristin Haugevik, sérfræðingur hjá Norsku alþjóðamálastofnuninni og annar ritstjóra úttektarinnar, segir Stoltenberg-skýrsluna hafa lagt sitt af mörkum við að skapa nýja umræðu um norrænt samstarf.

„Ég held að skýrslan hafi verið mjög mikilvæg vegna þess að hún kom út á tímapunkti þegar það var kannski þörf fyrir aukinn kraft í norrænt samstarf. Þar birtist líka framtíðarsýn og tillögurnar voru áþreifanlegar."

Kristin segir aðstæður í alþjóðastjórnmálum hafa breyst mikið frá því að Stoltenberg-skýrslan kom út 2009. Samskiptin við Rússland hafi verið betri, Bretar ekki á leið úr ESB og Obama nýtekinn við embætti Bandaríkjaforseta.

„Heimurinn lítur svolítið öðru vísi út nú. Það er meiri spenna og fleiri áskoranir, líka í nærumhverfi Norðurlandanna. Þannig að ef Stoltenberg-skýrslan væri skrifuð í dag myndi hún fjalla um fleiri áskoranir," segir Kristin.

Það eigi ekki að taka því sem gefnu að norræn samvinna eigi sér stað á einhvern einn ákveðinn hátt. „Samvinnan er alltaf í þróun og svona úttektir geta hjálpað til við að meta hvað virki og hvað ekki." **sighvatur@frettabladid.is**

†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Einarsdóttir

áður til heimilis að Flókagötu 1, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 1. maí á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarför verður auglýst síðar.

Fríða Bjarnadóttir
Anton Bjarnason
Bjarni Bjarnason
Tómas Zoëga
Fanney Hauksdóttir
Kristín Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Bergþóra Skarphéðinsdóttir

frá Þingeyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Boðaþingi þriðjudaginn 16. apríl.
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 6. maí klukkan 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

Sjöfn Sóley Sveinsdóttir
Magnea Gerður Sveinsdóttir
Smári Sveinsson
Kristín Linda Sveinsdóttir
Rögnvaldur Reinharð Andrésson
Ólafur Sigurðsson
Guðmunda Óskarsdóttir
Skjöldur Vatnar Árnason
barnabörn og barnabarnabörn.

ÞETTA GERÐIST: 6 MAÍ 2004

Lokaþáttur Friends

Eftir tíu ára sigurgöngu kvaddi sjónvarpsserían Friends með lokaþættinum á þessum degi árið 2004.

„Eftir tíu seríur á stöðinni var lokaþátturinn vel auglýstur á NBC og mikið umstang gert í kringum hann. Hann fór í loftið 6. maí 2004 og voru bandarísku áhorfendurnir 52,5 milljónir, sem varð til þess að þátturinn varð fjórði vinsælasti lokaþátturinn í sögu sjónvarps," segir um þessi tímamót á íslenskri Wikipedia-síðu Friends. Þar kemur einnig fram að Friends hafi fengið misjafna gagnrýni í fyrstu.

„Á meðan hann var í gangi vann hann mikið af verðlaunum og var tilnefndur til 63 Emmy-verðlauna. Þáttunum gekk einnig vel í áhorfi og voru alltaf á topp tíu listanum. Friends hafði mikil áhrif allt í kringum sig og Central Perk kaffihúsið hefur veitt mörgum innblástur. Þættirnir eru endursýndir um allan heim en hver sería hefur einnig verið gefin út á mynddiski. Eftir að þættirnir kláruðust fór þátturinn Joey í loftið og orðrómur um kvikmynd kom upp," segir áfram á Wikipedia.

Aðalleikarnir sex í Friends, Jennifer Aniston, Courteney Cox Arquette, Lisa Kudrow, Matt LeBlanc, Matthew Perry og David Schwimmer, uppskáru heimsfrægð fyrir hlutverk sín í þáttunum. Upphaflega fengu þau 1.600 dali hver fyrir hvern þátt en eftir tvö ár hótuðu þau verkfalli og er óhætt að segja að það hafi borið árangur því launin voru hækkuð í 100 þúsund dali á þátt árið 1996. Árið 2002 kröfðust þau síðan þess að fá eina milljón dollara fyrir hvern þátt.

Ella's kitchen

100% lífræn

Auðvelt að grípa í

Engin aukaefni

Gómsæt og ljúffeng

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C, 3	2 °C, 1	7 °C, 3
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
6 °C, 2	6 °C, 2	2 °C, 3

Norðlæg átt, 3-8 m/s, bjart með köflum og yfirleitt þurrt, en austan 5-10 og dálitlar skúrir á Suðausturlandi. Hiti 4 til 13 stig, hlýjast á Suðurlandi og allvíða næturfrost inn til landsins. Hæg breytileg átt og skúrir sunnanlands á morgun, en léttskýjað fyrir norðan og heldur svalara.

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C, 3	3 °C, 4	7 °C, 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C, 5	5 °C, 5	2 °C, 1

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C, 3	0 °C, 4	-1 °C, 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
1 °C, 4	6 °C, 3	-1 °C, 7

LÉTT

			9			3		7
	2	4	7					6
	7		4				1	
		6			7	2		
	9	7			2		6	
	3	8	1	6				
				5		4	2	
3	6	1		4		5		
	5		3					

MIÐLUNGS

	1	4		8				
					2	4		
							5	9
3	8		7	5		2		
			9		1	5		8
6				2				
	3		6				4	
7	2		1		9			
5							1	

ÞUNG

1		9				8		5
		6					4	
	5	7					1	3
				4	6			9
	3		9					1
		2		5				
8				7	2			
	1							
	9	3				2		

Krossgáta

LÁRÉTT
2. fría
6. komast
8. starfsgrein
9. espa
11. tveir eins
12. tími
14. skýli
16. tveir eins
17. sakka
18. skordýr
20. tvíhljóði
21. óskipt

LÓÐRÉTT
1. hvæs
3. úr hófi
4. fugl
5. tálbeita
7. vinsæll
10. í viðbót
13. holufiskur
15. innyfli
16. iðka
19. fæddi



LÁRÉTT: 2. losa, 6. ná, 8. fag, 9. æsa, 11. nn, 12. stund, 14. skáli, 16. ææ, 17. lóð, 18. fio, 20. au, 21. allt.
LÓÐRÉTT: 1. hvæs, 3. of, 4. sandlóa, 5. agn, 7. astsæll, 10. auk, 13. nal, 15. iður, 16. æfa, 19. ól.

Skák

Gunnar Björnsson

Van Osmael átti leik gegn Molenbrok árið 1990.

1. H1f6! 1-0. Vignir Vatnar Stefánsson vann sigur í eldri flokki Landsmótsins í skólaskák. Stephan Briem varð annar og Arnar Heiðarsson og Alexander Oliver Mai í 3.-4. sæti. Benedikt Briem vann sigur í yngri flokki. Gunnar Erik Guðmundsson, Benedikt Þórisson, Óttar Örn Bergmann Sigfússon og Adam Omarsson urðu jafnir í 2.-5. sæti.
www.skak.is: Landsmótið í skólaskák.

Hvítur á leik!

6	9	2	8	4	5	7	1	3
1	3	4	6	7	2	8	9	5
5	7	8	9	3	1	4	2	6
2	8	7	1	5	3	9	6	4
9	6	5	4	2	8	1	3	7
3	4	1	7	9	6	5	8	2
4	1	3	5	6	9	2	7	8
7	2	9	3	8	4	6	5	1
8	5	6	2	1	7	3	4	9

9	2	7	5	4	8	3	6	1
8	4	5	6	3	1	9	2	7
1	3	6	9	2	7	4	5	8
7	5	2	1	6	3	8	9	4
3	9	8	4	5	2	1	7	6
6	1	4	7	8	9	2	3	5
2	7	1	8	9	5	6	4	3
5	6	3	2	1	4	7	8	9
4	8	9	3	7	6	5	1	2

1	5	4	8	2	6	9	3	7
6	3	7	1	9	5	4	8	2
8	9	2	3	4	7	5	1	6
2	8	6	5	1	9	7	4	3
9	7	5	4	3	8	6	2	1
3	4	1	7	6	2	8	9	5
4	2	8	6	5	3	1	7	9
5	1	9	2	7	4	3	6	8
7	6	3	9	8	1	2	5	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

OTA SOL GRYN®

Dagurinn byrjar alltaf vel með OTA hafragrjónum

Spessi sýnir ljósmyndir sínar í Ramskram Gallery á Njálsgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Unglingar í úthverfum

Spessi sýnir ljósmyndir frá Riga og Daugvapils í Lettlandi

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ljósmyndir Spessa frá Riga og Daugvapils í Lettlandi eru nú á sýningu í Ramskram Gallery á Njálsgötu 49. Myndirnar tók Spessi árin 2014 og 2015. Sýningin nefnist Módernísk arfleifð og er opin um helgar frá 14-17. Hún stendur til 19. maí.

Fátækrahverfi

„Ég kom til Riga vegna sýningar sem ég tók þátt í þegar Riga varð menningarborg Evrópu. Sýningin hét Reconstruction of Friendship og fjallaði um kalda stríðið og ég hafði unnið verk sem tengdist Keflavíkurflugvelli. Í kjölfarið ákvað ég að skoða fátækrahverfin í Riga sem eru í úthverfi borgarinnar, eins og slík hverfi eru yfirleitt. Ég fékk ljósmyndara sem leiðsögumann og þvældist þarna um og hitti aðallega unga krakka sem ég myndaði. Þetta var um vetur og árið eftir, um sumar, fór ég til Daugvapils og myndaði unglinga í úthverfunum þar. Þannig af helmingur myndanna á sýningunni er tekinn um vetur í Riga og hinn helmingurinn um sumar í Daugvapils. Myndirnar sýna krakka sem búa í blokkum sem eru í úthverfum þessara tveggja borga,“ segir Spessi.

MAÐUR VELTIR ÞVÍ FYRIR SÉR HVORT ÞETTA UNGA FÓLK SEM BÝR Í ÞESSUM BLOKKUM EIGI EINHVERJA MÖGULEIKA.

Hverfi sem virka ekki

Spessi sneri síðan heim til Íslands en hugsanir um blokkirnar létu hann ekki í friði og þá hvarflaði hugur hans til Breiðholtsins. „Ég fór að vinna Breiðholtsverkefni sem varð að ljósmyndasýningunni 111 sem sýnd var á Listahátíð í fyrra og samnefndri ljósmyndabók. Myndirnar frá Riga og Daugvapils eru undanfari Breiðholtsverkefnisins og sennilega kveikjan að því,“ segir Spessi.

„Ég hafði nokkuð lengi velt því fyrir mér hver væri hugsunin á bak við blokkabyggingar fyrir fátækt fólk fyrir utan borgir. Þetta hefur verið gert um allan heim en þessi hverfi verða eins konar skrímsli sem virka ekki. Í grunninn er hugsunin falleg en maður veltir því fyrir sér hvort þetta unga fólk sem býr í þessum blokkum eigi einhverja möguleika. Langflest sekkur það út á jaðarinn og býr við bág efni. Það virðist vera sósíalísk hugsun á bak við það að byggja ódýrt fyrir fátækt fólk en svo er eins og kapítalistar hafi gripið hugmyndina og losað sig við þetta fólk með því að hrúga því saman fyrir utan borgarmörkin. Eftir að hafa hugsað málið lengi hef ég komist að þeirri niðurstöðu að þessar blokkabyggingar séu sprotnar upp úr módernismanum. Þess vegna heitir sýningin Módernísk arfleifð. Hér á Íslandi eru blokkirnar í Efra-Breiðholti líklega það sem kemst næst þessu og það sem við getum kallað okkar módernísku afleifð.“

Séð út um glugga á auðu húsi.

Ein af myndum Spessa sýnir þennan unga dreng sem býr við óvissa framtíð.

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 ★ NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

The House That Jack Built (ICE SUB) 17:30
Girl (ENG SUB) 17:45
Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB) 20:00
Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) 20:00
The Wild Pear Tree (ENG SUB) 20:30
Mug // Twarz (ENG SUB) 22:00
Everybody Knows (ICE SUB) 22:15

Hvernig lífið heldur áfram

BÆKUR

Vonum það besta

★★★½☆

Carolina Setterwall

Þýðing: Halla Kjartansdóttir
Útgefandi: Benedikt
Blaðsíður: 376

Carolina Setterwall vaknaði klukkan hálf sjö á venjulegum morgni í október árið 2014. Hún hafði ekki sofið í hjónarúminu með sambýlismanni sínum, Aksel, þar sem átta mánaða sonur þeirra, Ivan, var oft órólegur á nóttunni. Þegar hún kemur inn í svefnherbergið þeirra um morguninn til að vekja Aksel er hann látinn.

Bókin Vonum það besta er frásögn Carolinu af ástarsambandi þeirra Aksels, frá því þau kynnast árið 2009 þar til hún nær ákveðinni mælistiku í sorginni og söknuðinum tveimur árum eftir andlát hans. Titillinn vísar í tölvupóst sem hann sendi henni nokkrum mánuðum fyrir andlátið.

Carolina nýtir sér á vissan hátt frásagnaraðferð „chick-lit“ eða stelpusögu, bókmenntagreinar sem fjallar um líf og reynsluheim ungra kvenna og sem lengi vel þótti ekki við hæfi „alvöru“ bókmenntafólks. Kunnugleikinn úr frásagnaraðferð stelpubókanna gerir bókina eiginlega enn áhrifameiri en annars væri enda umfjöllunarefnið erfitt og sárt. Þá má ekki gleyma því að þó stelpusögurnar væru í byrjun með áherslu á ástir og skemmtun þá þróuðust þær fljótlega út í að fjalla um vináttu milli kvenna og ýmiskonar erfiða lífsreynslu frá sjónarhóli stelpna og kvenna. Carolina lýsir sér í upphafi sem hinni dæmigerðu stelpubókastelpu: konu um þrítugt í skemmtilegu starfi og stórum vinahópi sem kynnist og verður skotin í manni og hefur með honum ástarsamband. Í sambandinu gengur á ýmsu og hún tekur í raun stjórn á lífi þeirra beggja til að skapa þá framtíð sem henni finnst að þau ættu að eiga. En auðvitað er sú framtíð ekki alltaf einföld, og það sem tekur við eftir fyrsta kossinn sem stelpubækurnar enduðu stundum á er flókið og ekkert nærri alltaf skemmtilegt. En það er raunsætt og framtíðin virðist liggja nokkuð beint við þar til hún er ekki lengur til og allar forsendur lífsins breytast.

Bókin er einstaklega falleg þroskasaga þar sem höfundur hlífir sér hvergi heldur gengst við sjálfri sér og brestum sínum, hún lýsir líka hjartaskerandi vel fyrstu stundum, dögum og vikum eftir andlát Aksels enda hefur Carolina sagt í viðtölum að ein ástæða þess að hún skrifaði bókina var að hún kannaðist ekki við sorgina sem hún sá í sjálfshjálparbókum, sorg hennar var flóknari, tættari og óhreinni og hún vildi skrifa bók fyrir þá sem upplifa svipað. Þá eru lýsingar hennar á því að vera einstæð móðir með ungbarn líka raunsæjar og vel skrifaðar.

Þýðing Höllu Kjartansdóttur er vönduð og skilar vel anda frásagnarinnar.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Vonum það besta er mjög læsileg, heillandi og átakanleg saga um líf með sorg og missi og framtíð.

Valkyrjur Wagners í Hörpu

Í tilefni af stórafmælum Sinfóníuhljómsveitar Íslands (70 ára), Íslensku óperunnar (40 ára) og Listahátíðar í Reykjavík (50 ára) verður ópera Richards Wagner, Valkyrjurnar, flutt 27. og 29. maí 2020 í Eldborg í Hörpu.

Hljómsveitinni stjórnar Alexander Vedernikov sem í fyrra tók við stöðu aðalstjórnanda við Konunglegu dönsku óperuna í Kaupmannahöfn. Leikstjórinn, Julia Burbach, er fastráðin við Covent Garden í Lundúnum; vídeólistamaðurinn Tal Rosner hefur meðal annars unnið til BAFTA-verðlauna fyrir list sína, en hann hefur m.a. starfað við National Theatre í Lundúnum og Lincoln Center í New York.

Nokkrir heimsþekktir söngvarar fara með stærstu hlutverkin og má þar nefna Christopher Ventris sem syngur Sigmunde, Claire Rutter sem syngur Siglinde og Frode Olsen sem verður í hlutverki Hunding.


Richard Wagner.

Ólafur Kjartan Sigurðarson mun syngja hlutverk Wotan. Jamie Barton syngur hlutverk Fricku og Christine Goerke syngur Brunnhilde. Aðrar valkyrjur verða túlkaðar af íslenskum söngkonum.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Valkyrjurnar eru fluttar í fullri lengd á Íslandi og um leið er þetta fyrsta ópera Niflungahringsins sem flutt verður óstytt á Íslandi. Flutningurinn markar því tímamót í sögu óperuflutnings á Íslandi.

DAGSKRÁ

Mánudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Útsvar 2014-2015 Árborg - Skagafjörður
14.00 92 á stöðinni
14.25 Maður er nefndur Árni Grétar Finnsson Í þessum þætti ræðir Hannes Hólmsteinn Gissurarson við Árna Grétar Finnsson lögfræðing og bæjarfulltrúa í Hafnarfirði. Árni segir frá uppvaxtarárunum á Akranesi og skólagöngu sinni. Hann segir frá árunum í lagadeild Háskóla Íslands og frá starfsferli sínum. Árni Grétar rekur kynni sín af ýmsum stjórnmálaleiðtogum og ræðir um þátttöku sína í stjórnmálastarfi fyrir Sjálfstæðisflokkinn, jafnt á landsvísu sem og í Hafnarfirði. Dagskrárgerð: Ásgrímur Sverrisson.
14.55 Út og suður
15.20 Af fingrum fram Hörður Torfason Þáttaröð frá 2003-2004 þar sem Jón Ólafsson ræðir við þekkta tónlistarmenn. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
16.05 Hvað höfum við gert?
16.45 Silfrið
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Lalli
18.08 Minnsti maður í heimi
18.09 Símon
18.14 Refurinn Pablo
18.19 Klaufabárðarnir
18.28 Klingjur
18.39 Mói
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Njósnarar í náttúrunni Dýralífsþættir frá BBC þar sem vélmennum í líki dýra er komið fyrir í dýraríkinu. Vélmennin eru búin upptökubúnaði sem gerir okkur kleift að komast nær dýrunum en nokkru sinni fyrr og öðlast dýpri skilning á flóknu tilfinningalífi þeirra.
21.00 Svikamylla Þriðja syrpa þessara dönsku sakamálaþátta. Nicky er nú orðinn einn af höfuðpaurum dönsku undirheimanna og Alf er í nýju starfi hjá lögreglunni. Aðalhlutverk: Esben Smed, Thomas Hwan og Maria Rich. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Rómantísku meistararnir. Tónlistarbylting 19. aldar Bresk heimildarþáttaröð í þremur hlutum þar sem Suzy Klein skoðar þær breytingar sem áttu sér stað á sviði tónlistar á 19. öld og sýnir fram á hvernig tónlistin varð að byltingarkenndum krafti sem hafði áhrif á allan heiminn.
23.20 Gróðavænlegur flóttamannaiðnaður Heimildarmynd frá BBC þar sem blaðamaðurinn Benjamin Zand rannsakar smygl á fólki frá Afríku til Evrópu, en fólkssmygl í Afríku er iðnaður sem veltir milljörðum punda. Zand þræðir smyglleiðina, frá ströndum Líbíu, sem er síðasti viðkomustaðurinn áður en haldið er til Evrópu og einn hættulegasti staðurinn á leiðinni, og niður til fátækrahverfa í eyðimörk Níger, þar sem efnahagurinn er að mestu leyti bundinn mansali. e.
23.50 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 Wells Fargo Championship
16.00 PGA Highlights
16.55 Wells Fargo Championship

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.45 Will and Grace
14.10 Crazy Ex-Girlfriend
14.55 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 The Good Place
20.10 Top Chef
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Shades of Blue
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS. New Orleans
02.20 FBI
03.05 Star
03.50 Heathers
04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Þjóðlagasveitin Pentangle
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta Fjallatónar
15.00 Fréttir
15.03 „Ég er ekki skúrkur“ Blóðbaðið
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Hátalarinn Bjarni Frímann Bjarnason
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp Krakka RÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.27 Kvöldsagan. Mánasteinn - drengurinn sem var ekki til
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.25 Collateral Beauty
14.05 Dear Dumb Diary
15.35 Home Again
17.10 Collateral Beauty
18.50 Dear Dumb Diary
20.20 Home Again
22.00 Maudie
23.55 The 15:17 to Paris
01.30 Skiptrace
03.20 Maudie

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.50 Gilmore Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Goldbergs
10.00 I Own Australia's Best Home
10.55 Great News
11.15 Landnemarnir
11.55 Lóa Pind. Viltu í alvöru deyja?
12.35 Nágrannar
13.00 The X Factor 2017
14.30 The X Factor 2017
15.55 Maður er manns gaman
16.35 The Big Bang Theory
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Veður
19.25 The Mindy Project
19.50 God Friended Me
20.35 Næturgestir
21.00 Game of Thrones
22.25 Tin Star
23.10 60 Minutes
23.55 The Village
00.40 The Enemy Within
01.25 Blindspot
02.15 Strike Back
03.05 Nashville
03.50 Nashville
04.35 Nashville Fimmta syrpa þessara frábæru þátta þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjallar um kántrí-söngkonunar Rayna Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu.

STÖÐ 3

19.10 Last Man on Earth
19.35 The Simpsons
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Who Do You Think You Are?
21.35 Claws
22.20 Legends of Tomorrow
23.05 Flash
23.50 Supernatural
00.35 Last Man on Earth
01.00 Seinfeld
01.25 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.25 Everton - Burnley
09.05 Wolves - Fulham
10.45 West Ham - Southampton
12.25 Arsenal - Brighton
14.05 Messan
15.10 KR - ÍBV
16.50 Fylkir - ÍA
18.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
18.55 Víkingur - FH Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
21.15 Evrópudeildin - fréttaþáttur
22.00 Pepsi Max-mörk karla
23.25 Spænsku mörkin
23.55 Bournemouth - Tottenham

STÖÐ 2 SPORT 2

07.55 Sevilla - Leganes
09.35 ÍR - KR. Leikur 4
11.15 Real Madrid - Villarreal
14.35 Napoli - Cagliari
16.15 Haukar - ÍBV. Leikur 3
17.45 Spænsku mörkin
18.15 Ítölsku mörkin
18.45 Selfoss - Valur. Leikur 3 Bein útsending frá leik í 4 liða úrslitum Olís-deildar karla.
21.15 Seinni bylgjan
21.45 Newcastle - Liverpool
23.25 Manchester City - Leicester

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Frétta- og samfélagsumfjöllun

Virka daga kl. 6.50
Alþjóðamál, efnahagsmál, ferðamál, stjórnmál og önnur helstu mál líðandi stundar krufin til mergjar. Umsjón: Jóhann Hlíðar Harðarson, Björn Þór Sigbjörnsson og Vera Illugadóttir.

Virka daga kl. 12.55
Upplýst og gagnrýnin umræða um umhverfismál, menntamál, heilbrigðismál, atvinnulíf, vísindi, tækni og margt fleira. Umsjón: Leifur Hauksson og Ragnhildur Thorlacius.

Virka daga kl. 18
Fréttir og fréttaskýringar í útvarpi þar sem kafað er dýpra í málin, þau sett í stærra samhengi og skýringa leitað. Á Rás 1 og Rás 2. Umsjón: Arnar Páll Hauksson, Arnhildur Hálfdánardóttir og Sigrún Davíðsdóttir.

Laugardaga kl. 11
Farið er yfir helstu fréttir vikunnar með fréttaskýrendum og fólkinu í fréttunum. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Anna Kristín Jónsdóttir.

RÁS 1 fyrir forvitna

AFMÆLISAFSLÁTTUR ALLAN APRÍL

30%

AF ÖLLUM VÖRUM
... OG MEIRA AF SUMUM

Við framlengjum afmælisgleðinni til 11. maí

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

Hátæknifyrirtæki

Morgunverðarfundur – 9. maí kl. 8.30

Utanríkisráðuneytið, Landhelgisgæsla Íslands, Samtök iðnaðarins og Íslandsstofa í samvinnu við Fjarskipta- og upplýsingatæknistofnun Atlantshafsbandalagsins (NCI Agency) bjóða íslenskum hátæknifyrirtækjum til fundar þar sem kynntir verða möguleikar á að selja vörur og þjónustu og bjóða í verkefni á vegum Atlantshafsbandalagsins og aðildarþjóðanna.

NCI Agency veitir stofnunum Atlantshafsbandalagsins og aðildarþjóðunum fjölþætta fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu, þ.m.t. hugbúnaðargerð, ráðgjöf, fjarskiptaþjónusta, hönnun tækni- og fjarskiptabúnaðar, netvarnir og öll önnur tengd verkefni og þjónusta. Sjá nánar https://www.ncia.nato.int .

NCI Agency mun einnig kynna NITEC19 ráðstefnuna sem haldin verður í Ósló 20.-22. maí þar sem saman koma allir helstu tæknisérfræðingar Atlantshafsbandalagsins, bandalagsþjóðanna og iðnaðarins. Norðurslóðir verða í brennidepli ráðstefnunnar í ár (sjá nánar https://nitec19.com/).

Kynningarfundurinn fer fram í **utanríkisráðuneytinu, fimmtudaginn 9. maí** og hefst hann **kl. 08.30**. Boðið verður upp á léttan morgunverð.

Stjórnarráð Íslands Utanríkisráðuneytið | Landhelgisgæsla Íslands Icelandic Coast Guard | SI Samtök iðnaðarins | Íslandsstofa

Áhugaverð tækifæri fyrir sérfræðinga í hugbúnaðar-, verk- og tæknigeiranum

Kynningarfundur – 9. maí kl 12.30

Fjarskipta- og upplýsingatæknistofnun Atlantshafsbandalagsins (NCI Agency) í samvinnu við utanríkisráðuneytið og Landhelgisgæslu Íslands bjóða til kynningarfundar fyrir verk- og tæknimenntaða sérfræðinga þar sem kynntir verða atvinnumöguleikar fyrir íslenska ríkisborgara hjá NCI Agency.

NCI Agency er með höfuðstöðvar í Haag, Hollandi og fjölda útibúa í aðildarríkjunum. Stofnunin veitir fjölþætta fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu fyrir stofnanir Atlantshafsbandalagsins og aðildarþjóðirnar þ.m.t. hugbúnaðargerð, ráðgjöf, fjarskiptaþjónusta, hönnun tækni- og fjarskiptabúnaðar, netvarnir og öll önnur tengd verkefni, þjónusta og kennsla. Sjá nánar https://www.ncia.nato.int .

Kynningarfundurinn fer fram í **Víkingasal** (**4**&**5**) á **Hótel Reykjavik Natura, fimmtudaginn 9. maí** og hefst hann **kl. 12.30**. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Stjórnarráð Íslands Utanríkisráðuneytið | Landhelgisgæsla Íslands Icelandic Coast Guard



Rakel Unnur Thorlacius stílisti.

Rakel handvelur vintage fyrir Wasteland

Útibú vintage-fatabúðarinnar Wasteland var opnað á Íslandi á laugardaginn var.

Rakel Unnur Thorlacius opnaði útibú vintage-búðarinnar Wasteland á Íslandi nú um helgina.

Rakel hefur unnið sem stílisti og lærði fagið í London College of Fashion. Eftir námið flutti hún til Kaupmannahafnar og fékk stuttu síðar vinnu sem verslunarstjóri í einni helstu vintage-búð í borginni, Wasteland.

Búðin hefur verið starfrækt í ein fimmtán ár úti, en Rakel fer sjálf út og handvelur allar flíkurnar sem eru seldar hér heima. Búðin er í Ingólfsstræti 5.

steingerdur@frettabladid.is

ÓMISSANDI BÓK!

Bókin er gefin út í samvinnu við VIRK Starfsendur-hæfingarsjóð



Sirrý Arnardóttir
- Höfundur

Þegar kona brotnar
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-

Sirrý Arnardóttir segir sögur kvenna sem kiknuðu undan álagi en risu aftur upp og standa hnarreistar eftir. Stórfróðleg bók um kulnun í starfi og leiðina til baka!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 08. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

Sumartilboð
í verslunum Dorma

Hver er þinn DRAUMASÓFI?

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

ROMA
svefnsófi

DORMA SUMARTILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

Grátt, dökkgrátt og blátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 200 x 100 x 50 cm.
Svefnpláss: 120x200 cm.
Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins 74.925 kr.

DORMA SUMARTILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

TIVOLI
svefnsófi

Tveggja sæta vandaður svefnsófi. Grátt, orange eða dökkblátt áklæði. Stærð: 194 x 103 x 91 cm.
Svefnsvæði: 195 x 140 cm
Fullt verð: 229.900 kr.

Aðeins 172.425 kr.

DORMA SUMARTILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

ZERO
tungusófi

Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 216 x 143 x 88 cm.
Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins 74.925 kr.

DORMA SUMARTILBOÐ 15% AFSLÁTTUR

Mega
hornsófi

Hornsófi hægri eða vinstri. Grátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Stærð: 294 x 240 cm
Fullt verð: 239.900 kr.

Aðeins 203.915 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mánud. til föstud. kl. 11.00-18.30
Laugard. kl. 11.00-17.00
Sunnud. kl. 13.00-17.00 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Katryn Newton tók sig vel út á frumsýningunni.

Geisluðu af gleði á Detective Pikachu

Mánudaginn síðastliðinn var stórmyndin Detective Pikachu frumsýnd. Helstu leikarar myndarinnar mættu auðvitað á rauða dregilinn en aðalfréttir kvöldsins voru þær að eiginkona Ryans Reyndolds, Blake Lively, er ólétt að sínu þriðja barni. Og að sjálfsögðu mættu allir í sínu fínasta pússi. Detective Pikachu verður frumsýnd hérlendis 10. maí.



Breska leikkonan og fyrirsætan Suki Waterhouse leikur hlutverk í myndinni.

Hjónakornin Ryan Reynolds og Blake Lively í fínu formi.

Blaðamaðurinn Ronan Farrow, sonur Woody Allen og Miu Farrow, mætti galvaskur á frumsýninguna.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Brunstad hvíldarstóll

ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is

Svefnsófar í miklu úrvali.

SITTING VISION
hvíldarstólar

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

GRACE hægindastóll

ORACOL tungusófi

JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR

VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur

Að bjarga lífi

You are listening to doctor radio," segir kynþokkafull karlmannsrödd í bílnum – eins og í spennuþrunginni kynningu kvikmyndar. Ég er búin að finna útvarpsstöð sem er alltaf æsispennandi. Hún tekur á öllu því nýjasta í heilsu- og læknisheiminum. Undanfarna daga hefur mikið verið rætt um að það sárvanti líffæragjafa. Karlmaður frá Flórída hringir inn í þáttinn, hann var að gefa nýra. Þegar þáttarstjórnandinn spyr hvað fékk hann til að gefa ókunnugri manneskju nýra svaraði hann: „Konan mín gaf nýra og ég sá hvað það gaf henni mikið. Nú skil ég hana, það er fátt sem gleður meira í lífinu en að hafa fengið tækifæri til að bjarga lífi."

Í bókinni Altruism tekur búddamunkurinn Matthieu Ricard dæmi þess hve margt fólk er tilbúið að fórna sér fyrir aðra. Óeigingjarna fólkið er fólkið sem stekkur á eftir drukknandi manni, gefur bágstöddum síðustu aurana sína og gætir þess að valda ekki öðrum skaða. Andstæðan við óeigingjarna fólkið er eigingjarna fólkið. Þekkt dæmi eru stjórnendur Philip Morris og Monsanto. Á bak við þessi veldi er fólk sem veit að með starfi sínu er það ábyrgt fyrir dauða milljóna manna. Hjá eigingjarna fólkinu eru aurar og auðveldi metið meira en mannslíf.

Á þingi er ósjaldan þusað um málefni sem augljóslega bjarga lífi. Ef það getur bjargað lífi að takmarka aðgengi að áfengi – er það vafamál? Ef það getur bjargað lífi að láta ríkið hafa umsjón með áfengissölu – er það vafamál? Á endanum er lýðheilsa okkar undir því komin hvort fleiri þingmenn tilheyra eigingjarna eða óeigingjarna fólkinu – hvort löggjöf taki mið af því að fórna eða bjarga lífi.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

TORTILLA OG GOS* COMBO VERÐ: 499 KR

*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk ON THE GO

Apple TV 4K á 0 kr. með ótakmörkuðum Ljósleiðara hjá Nova!

Þú þarft bara að segja já!

Segðu bless við myndlykilinn og lækkaðu reikninginn. Við mætum heim til þín og græjum netið frítt. Þú borgar 1.690 kr. á mán. fyrir Apple TV 4K og færð sömu upphæð í afslátt af ótakmörkuðum Ljósleiðara í 18 mánuði — þú borgar því í raun ekkert fyrir Apple TV 4K.

Mánaðarleg 1.690 kr. afborgun fyrir 32 GB Apple TV 4K í 18 mánuði, greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 325 kr./mán. Ef þú staðgreiðir 29.990 kr. þarftu ekki kreditkort, en færð afsláttinn!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri

Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA